kjarninn
37. útgáfa – 1. maí 2014 – vika 18

# VALDAFÓLK ÓGNAR UMRÆÐU

+ Margir háskólamenn hafa sætt gagnrýni valdafólks

+ Ógnvekjandi staða í og við Úkraínu veldur áhyggjum

+ Stjórnarmenn semja vegna fjölmiðlasölu



37. ÚTGÁFA

# Efnisyfirlit

1. maí 2014 – vika 18




DÓMSMÁL

## Fyrrverandi stjórnarmenn í 365 sömdu sig frá skaðabótamáli vegna sölu á fjölmiðlum félagsins




SJÓNVARP

## Hrunið 2008 var vendipunktur til góðs hjá TM Software



ÚKRAÍNA

## Suðupunktur nálgast í Úkraínu og óstöðugleiki gerir illt verra

## Húsnæðismál verða í brennidepli

Neyðarástand ríkir í húsnæðismálum í Reykjavík. Farið er yfir stefnur framboða í kosningaumfjöllun.

## Að hugsa eins og vogunarsjóður

Hafsteinn Hauksson hagfræðingur veltir fyrir sér vogunarsjóðum og aðferðum þeirra við að ávaxta fé.

## Kosningaauglýsingar virka ekki alltaf

Kjarninn tekur saman eftirminnilegar kosningaauglýsingar sem sumar virkuðu öfugt á kjósendur.

## Fótósjoppframboðið

Dóri DNA skrifar Kjaftæði um undirhökur, fótósjopp, skoðanir gamals fólks og við hvaða tækifæri hann mun hækka í grænjunum.

kjarninn

Laugavegi 71, 101 Reykjavík
Sími 551-0708
kjarninn@kjarninn.is
www.kjarninn.is

ISSN 2298-4402

**Ritstjóri:** Þórður Snær Júlíusson
**Framkvæmdastjórar:** Gísli Jóhann Eysteinsson og Hjalti Harðarson

Kjarninn miðlar ehf.
gefa Kjarnann út.

Accredited by Association of MBAs

**MARGRÉT HAUKSDÓTTIR**
FORSTJÓRI ÞJÓÐSKRÁR ÍSLANDS
**MBA 2010**



**JÓN ÓLAFUR HALLDÓRSSON**
FRAMKVÆMDASTJÓRI OLÍS
**MBA 2012**

**KATRÍN M. GUÐJÓNSDÓTTIR**
MARKAÐSSTJÓRI INNNES
**MBA 2015**


# **TAKTU FRUMKVÆÐI** AÐ EIGIN FRAMA
## MEÐ MBA-NÁMI HÁSKÓLA ÍSLANDS

### GEFÐU ÞÉR TÍMA Í MBA-NÁMIÐ Í HÍ

**Kynningarfundur** um MBA-nám Háskóla Íslands fer fram **10. maí kl. 12.30 til 13.00**, en strax þar á eftir býðst þátttakendum að sitja eina kennslustund með nemendum í MBA-námi til að kynnast kennslunni í hnotskurn.

**Skráðu þig** á kynningarfundinn og kennslustundina með tölvupósti á **mba@hi.is**

HÁSKÓLI ÍSLANDS | MBA





LEIÐARI
Þórður Snær Júlíusson

# Allt í steik

**Þórður Snær Júlíusson skrifar um þau risavöxnu verkefni sem blasa við stjórnmálamönnum þjóðarinnar.**

Þing á að klárast eftir rúmar tvær vikur. Í byrjun þessarar viku biðu 110 lagafrumvörp og 90 þingsályktunartillögur afgreiðslu þingsins. Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, stefnir ekki á að halda sumarþing. Þingmenn þurfa nokkurra mánaða sumarfrí eftir páskafríið sem þeir voru að koma úr.

Á meðal þeirra mála sem enn á eftir að afgreiða eru lög um leiðréttingu verðtryggðra fasteignaveðlána, um ráðstöfun séreignarsparnaðar til greiðslu húsnæðislána, um veiðigjöld, um ívilnanir til nýfjárfestinga, um breytingar á heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í óskráðum bréfum og lög um myndun fjármálastöðugleikaráðs.

Af þingsályktunartillögunum ber auðvitað hæst tillögu Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra um að umsókn Íslands að Evrópusambandinu verði dregin til baka. Þá á enn alveg eftir að taka til umfjöllunar tillögu Þorsteins Sæmundssonar, þingmanns Framsóknarflokksins, um að byggja áburðarverksmiðju fyrir 120 milljarða króna sem á að „vekja ungum Íslendingum von í brjósti um að stjórnvöld ætli sér að skapa þeim tækifæri og atvinnuöryggi í framtíðinni“.

Þessi mál, og slatta af hinum 192, á að klára á ellefu dögum.

**Kassann út**

Á sama tíma hefur verið skipuð enn ein nefndin um afnám gjaldeyrishafta. Í henni sitja þrír menn. Þeir taka við kyndlinum af öðrum hópi sem skipaður var sex mönnum í nóvember 2013 og kynnti niðurstöðu sína fyrir þröngum hópi ráðamanna í byrjun apríl. Þær niðurstöður hafa ekki verið kynntar í samráðsnefnd um afnám hafta. Henni er ekki treyst fyrir þátttöku og því verður engin þverpólitísk sátt um þetta stærsta verkefni íslensks samtíma.

Þeir sem hafa fengið að ræða við einhverja úr þessum leynihópum undanfarnar vikur eru þó allir sammála um að þar sé verið að stefna að því að setja þrotabú föllnu bankanna í þrot, leysa eignir þeirra til dótturfélags Seðlabanka Íslands og borga kröfuhöfum út í krónum sem verði bundnar mjög stífum höftum. Þetta verður gert með kassann úti og á blússandi sjálfstraustssterum.

„Vegna þessa eru stærstu kröfuhafarnir, stórir fjárfestingar- og vogunarsjóðir, að búa sig undir að bregðast við slíkri gjörð með frystingum eigna.“

Vegna þessa eru stærstu kröfuhafarnir, stórir fjárfestingar- og vogunarsjóðir, að búa sig undir að bregðast við slíkri gjörð með frystingum eigna, lögbönnum og öðrum verkfærum sem þeir telja sig geta beitt ef íslenska ríkið gerir erlendar eignir þeirra upptækar. Hinir, nokkur þúsund minni kröfuhafar, sem margir eru upprunalegir og hafa tapað miklu á viðskiptum sínum við íslenska banka, klóra sér í hausnum yfir því að fá ekki að slíta þrotabúum bankanna og fá skertan hluta eigna sinna til baka.

**Hin eilífa vöntun á gjaldeyri**

Að mati Seðlabankans, greiningaraðila og í raun allra sem málið skoða virðist hins vegar ljóst að erfitt verði að afnema höft á næstunni, sérstaklega vegna þess að viðskiptajöfnuður mun ekki duga fyrir afborgunum lána sem íslenskir skulda erlendum. Það þýðir að Ísland aflar ekki nægilega mikils gjaldeyris til að standa við samningsbundnar afborganir lána

næstu árin og hefur því sannarlega enga viðbótargetu til að skipta krónum í gjaldeyri.

Höftin, ónýt mynt og að mörgu leyti ótrúverðugt fjármálakerfi hefur gert það að verkum að mörg af stærstu þekkingarfyrirtækjum sem orðið hafa til á Íslandi eru að hugsa sér til hreyfings. Creditinfo ætlar að fara og CCP, Marel og Össur eru raunverulega að ræða þann möguleika.

**Fasteignabóla**

Þá er fasteignabóla í blússandi uppblæstri. Fasteignaverð hækkaði um 11,1 prósent síðastliðið ár. Ástæðan er sú að uppsöfnuð eftirspurn er gríðarleg eftir margra ára byggingastopp og fasteignir eru orðnar aðalfjárfesting lífeyrissjóða og spákaupmanna, enda lítið annað eftir að kaupa innan hafta. Afleiðing þessarar þróunar er sú að líklega hefur aldrei verið erfiðara en nú fyrir ungt fólk að fóta sig á fasteignamarkaði.

„Ef hækkun húsnæðisverðs heldur áfram á sama hraða út þetta kjörtímabil mun íbúð sem kostaði 30 milljónir króna fyrir ári kosta um 45 milljónir króna árið 2017.“

Þrátt fyrir að fasteignaverð rjúki upp á ljóshraða er ríkisstjórnin að gefa völdum hópi fólks sem keypti sér íbúð fyrir hrun 80 milljarða króna í skaðabætur vegna áhrifa verðbólgu á verðtryggð lán þess. Ef hækkun húsnæðisverðs heldur áfram á sama hraða út þetta kjörtímabil mun íbúð sem kostaði 30 milljónir króna fyrir ári kosta um 45 milljónir króna árið 2017. Ef eigandi hennar hefur orðið fyrir „forsendubresti“ og þar með unnið í leiðréttingarlottói Sigmundar og Bjarna mun hann geta fengið allt að fjórar milljónir króna gefins af skattfé ofan á þær 15 milljónir sem fasteignin hans hefur hækkað í verði á tímabilinu. Allt í boði skattgreiðenda. Verðbólgan sem skuldaniðurfellingarnar munu setja í gang éta reyndar nær örugglega upp eitthvað af raunvirðinu, en vinningshafarnir verða að minnsta kosti betur settir en sá fjórðungur landsmanna sem er á leigumarkaði eða sá tæplegi helmingur fjölskyldna sem skuldar ekkert í húsnæðinu sínu.

Make it matter

intel inside CORE i7

# ett Aðeins 1,49 kg
# þunn
# & sterk Aðeins 1,59 cm



**HP EliteBook Folio 1040 G1**
með Intel® Core™ i7-4600U örgjörva.

## Framúrskarandi hönnun, létt, þunn og sterkbyggð

HP hefur tekist að skapa einstaka fartölvulínu fyrir fyrirtækjaumhverfi. Jafnvel kröfuhörðustu notendur verða ekki fyrir vonbrigðum.

UltraSlim tengikví fyrir skrifstofuna.*

Léttu þér lífið.

SSD 128 GB

Solid State diskur (SSD).

3 ára ábyrgð á rafhlöðu.

*aukabúnaður

**Kynntu þér EliteBook nánar á www.ok.is**

Allar nánari upplýsingar á www.ok.is.
Intel, merki Intel, Intel inside, Intel Core og Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/eða öðrum löndum, Microsoft og Windows eru skráð vörumerki Microsoft Corporation.

OPIN KERFI
Sérfræðingar þér við hlið

Preferred Partner

Verði þetta þróunin, sem er meira en líklegt, verður nokkuð erfitt fyrir skuldaniðurfellingarpáfana að hreykja sér af þessari glórulausu aðgerð fyrir næstu kosningar. Þeim er hins vegar fullkomlega treystandi til að búa til nýja kanínu til að draga upp úr hattinum á þeim árum sem þeir hafa til stefnu.

## Verkföll og annað tilfallandi

Ofan á allt annað er verið að setja Íslands- og Ólympíumet í verkfallshótunum. Framhaldsskólakennarar eru búnir að fara í verkfall og knýja fram verðskuldaðar kjarabætur sem setja kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins í algjört uppnám. Á þessu ári einu saman hafa síðan háskólakennarar, grunnskólakennarar, leikskólakennarar, flugvallarstarfsmenn, flugmenn, flugþjónar og starfsmenn Herjólfs sett fram kröfur um miklar launahækkanir sem ekki hefur samist um, farið í verkfall eða hótað verkfallsaðgerðum. Þeir sem hafa látið vaða hafa fengið á sig bannlög.


Þá er ótalið nokkur hundruð milljarða króna gat í lífeyrissjóðakerfinu, sem gerir það að verkum að stór hluti þjóðarinnar mun líklega ekki eyða ævikvöldinu yfir framfærsluviðmiðum, og sífelld frestun á nauðsynlegri uppbyggingu á heilbrigðisþjónustu til að taka á móti þrefalt fleiri ellilífeyrisþegum á næstu áratugum.

Þrátt fyrir þetta allt saman fannst forsætisráðherra tilefni til þess, í nýlegri ræðu, að fullyrða að „flest bendir til þess að svartnættinu sé að slota og trú á eigin getu að eflast. Það er einna helst í innstu myrkviðum netsins og í ræðustól Alþingis að hagsmunaverðir svartnættisins halda vöku sinni“.

Til að efla trúna þarf hins vegar að leysa vandamálin. Af ofangreindri upptalningu er ljóst að það hefur sitjandi ríkisstjórn ekki gert. Þvert á móti virðist allt í steik. Skiptir þar engu hvort hindranirnar eru skoðaðar í dagsljósi eða svartnætti.

# Ástand sem á bara eftir að versna

Sálfræðiþjónusta er almennt ekki niðurgreidd hér á landi. Af þeim sökum veigra margir sér við að leita til sálfræðinga, og notast frekar við lyf. Alvarleg staða sem bregðast verður við, segir formaður Sálfræðingafélags Íslands.



**HEILBRIGÐISMÁL**
Ægir Þór Eysteinsson
*@aegireysteins*

Þó þjónusta flestra heilbrigðisstétta sé niðurgreidd á Íslandi, svo sem endurhæfing og sjúkraþjálfun, gildir ekki það sama um sálfræðiþjónustu. Sálfræðingafélag Íslands hefur ítrekað fundað með heilbrigðisyfirvöldum og bent á þetta ósamræmi í heilbrigðiskerfinu. Á fundunum með stjórnvöldum hefur Sálfræðingafélagið lagt fram ógrynni rannsóknarniðurstaðna máli sínu til stuðnings – að sálfræðiþjónusta borgi sig, ekki einvörðungu fyrir þá sem hennar njóta heldur einnig fyrir ríkiskassann. Þeir sem njóti viðeigandi sálfræðimeðferðar vegna sálræns vanda séu síður líklegir til að flosna upp úr námi eða vinnu með tilheyrandi kostnaði og tekjutapi fyrir samfélagið.

## Nokkur úrræði í boði, alls ekki fyrir alla

En það er ekki svo að engin niðurgreiðsla á sálfræðiþjónustu sé í boði, en það sem er í boði er oft og tíðum sérhæft og einungis í boði fyrir fáa.Virk starfsendurhæfingarsjóður, sem er sjálfseignarstofnun sem var upphaflega stofnuð af Alþýðusambandi Íslands og Samtökum atvinnulífsins árið 2008, býður upp á starfsendurhæfingu vegna andlegra veikinda. Meginskilyrði fyrir aðstoð hjá Virk eru tvö. Annars vegar að viðkomandi geti ekki sinnt starfi sínu eða tekið þátt á vinnumarkaði vegna hindrana af völdum heilsubrests sem rekja má til veikinda eða slysa. Þá er um að ræða fjarvistir frá vinnu í lengri tíma vegna heilsubrests af andlegum eða líkamlegum toga. Og hins vegar að markmið einstaklings sé að verða aftur virkur þátttakandi á vinnumarkaði, eða auka þátttöku á vinnumarkaði, svo fljótt sem verða megi.

Stéttarfélögin greiða ákveðna upphæð á ári fyrir sálfræðiþjónustu úr sjúkrasjóðum, en upphæðin er oftar en ekki hluti af skilgreindum potti sem nýta má í hvers konar þjónustu.

Félagsþjónusta sveitarfélaga getur greitt fyrir ákveðin fjölda sálfræðiviðtala skjólstæðinga sinna sem uppfylla ákveðin viðmið um vinnslu mála og svo framvegis. Hið sama gera barnaverndaryfirvöld. Þess ber að geta að leik- og

# Borgarstjórnarkosningar 2014
# Auglýsing frá yfirkjörstjórn í Reykjavíkurkjördæmi

Framboðsfrestur til borgarstjórnarkosninga í Reykjavík 31. maí 2014 rennur út laugardaginn 10. maí nk. kl. 12.00 á hádegi. Yfirkjörstjórn tekur á móti framboðslistum þann dag frá kl. 10.00 til 12.00 í fundarherbergi borgarráðs í Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11.

Á framboðslista skulu vera að lágmarki 15 nöfn frambjóðenda og eigi fleiri en 30. Framboðslista fylgi yfirlýsing, undirrituð eigin hendi, þeirra sem á listanum eru um að þeir hafi leyft að setja nöfn sín á listann. Gæta skal þess um öll framboð að tilgreina skýrlega fullt nafn frambjóðanda, kennitölu hans, stöðu og heimili, til þess að enginn vafi geti leikið á því hverjir eru í kjöri.

Framboðslista skal einnig fylgja skrifleg yfirlýsing, undirrituð eigin hendi, um stuðning við listann frá kjósendum í hlutaðeigandi kjördæmi. Fjöldi meðmælenda sé á bilinu 160-320. Tilgreina skal fullt nafn, kennitölu og heimilisfang hvers meðmælanda. Þá skal fylgja tilkynning um hverjir tveir menn séu umboðsmenn listans.

Enginn kjósandi getur mælt með fleiri en einum framboðslista. Komi það fyrir verður nafn kjósanda fjarlægt í báðum/öllum tilvikum.

Á skrifstofu borgarstjórnar verða USB-lyklar tilbúnir til afhendingar til framboða frá og með 30. apríl. Lyklarnir innihalda rafræn eyðublöð fyrir framboðslista og meðmælendalista, auk leiðbeininga. Mælst er til þess að framboðslistum og meðmælendalistum sé skilað á þessu formi, auk undirritaðra lista. Frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu borgarstjórnar í s. 411-4706.

Að öðru leyti er vísað til ákvæða um skilyrði framboðs í VI. kafla laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, með síðari breytingum. Jafnframt er vísað til upplýsinga og leiðbeininga á kosningavef innanríkisráðuneytisins, www.kosning.is. Kosningavefur Reykjavíkurborgar er á www.reykjavik.is/kosningar.

Meðan kosning fer fram, laugardaginn 31. maí nk., mun yfirkjörstjórn hafa aðsetur í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem talning atkvæða fer fram að kjörfundi loknum.

Yfirkjörstjórn Reykjavíkurkjördæmis

grunnskólabörn hafa aðgang að ákveðinni sálfræðiþjónustu hjá sérfræðiþjónustu sveitarfélaganna.

Þá bjóða Sjúkratryggingar Íslands sálfræðingum rammasamning, um sálfræðiþjónustu við börn sem vísað er frá Barna- og unglingageðdeild Landspítalans, Þroska- og hegðunarstöð heilsugæslunnar og Greiningarstöð, en sárafáir sálfræðingar heyra undir þann samning sökum þess að greiðslur Sjúkratrygginga fyrir sálfræðiþjónustu eru mun lægri en verðskrá flestra sálfræðinga. Algengt verð fyrir greiningar- eða meðferðarviðtal hjá sálfræðingi er um 11-13.000 krónur. Sálfræðingar starfa á samkepnismarkaði og er ekki heimilt að samræma verðskrár.

„Einstaklingur sem leitar á heilsugæslu vegna sálrænna erfiðleika, lætur sér oft duga að fá uppáskrifuð lyf frekar en að leita sér aðstoðar hjá sálfræðingi vegna kostnaðar.“

Ofangreint er hins vegar ekki í boði fyrir almenning. Einstaklingur sem leitar á heilsugæslu vegna sálrænna erfiðleika, lætur sér oft duga að fá uppáskrifuð lyf frekar en að leita sér aðstoðar hjá sálfræðingi vegna kostnaðar.

**Alvarleg staða**

Eins og áður segir hefur Sálfræðingafélag Íslands ítrekað bent á þetta ósamræmi í heilbrigðiskerfinu á fundum með ráðamönnum, að sálfræðiþjónusta sé ekki niðurgreidd ólíkt annarri heilbrigðisþjónustu.

Hrund Þrándardóttir formaður Sálfræðingafélags Íslands segir stöðu mála skjóta ansi skökku við, og hún stríði beinlínis gegn sérstökum klínískum leiðbeiningum samþykktum af Landlæknisembættinu um hvernig skuli meðhöndla þunglyndi og kvíða. Í umræddum leiðbeiningum, sem gefnar voru út af Landspítalanum í ágúst árið 2011, kemur fram að stærstur hluti þeirra sem leita á göngudeild geðdeildar Landspítalans komi þangað vegna fyrrgreindra geðraskana. Skjalið inniheldur leiðbeiningar um verklag til stuðnings starfsfólki í heilbrigðisþjónustu við ákvarðanatöku við tilteknar aðstæður. Þær byggja á bestu þekkingu á hverjum tíma og eru gagnreyndar. Í leiðbeiningunum er mikilvægi hugrænnar atferlismeðferðar undirstrikað.

„Við erum ekki að fara eftir þessum klínísku leiðbeiningum í dag, og það er auðvitað grafalvarlegt mál," segir Hrund Þrándardóttir. „Yrði jafn léttt tekið á því ef ekki væri farið eftir klíniskumleiðbeiningum um meðhöndlun krabbameina?"

Sálfræðingafélag Íslands hefur áhyggjur af því að margir sem kljást við kvíða og þunglyndi taki frekar lyf, en að leita sér sálfræðiaðstoðar í formi hugrænnar atferlismeðferðar. „Það er ódýrara að kaupa sér lyf en að fara í nokkur skipti til sálfræðings eins og staðan er í dag. Hendur heimilislækna eru bundnar þar sem þeir hafa í raun ekki í önnur úrræði að vísa en lyfjameðferð. Ef þessir hlutir eru ekki meðhöndlaðir rétt og vel í byrjun, eru líkur á að vandinn aukist enn frekar," segir Hrund.

## Sálfræðiþjónusta verði hluti af „kerfinu"

Eins og áður segir hafa fulltrúar frá Sálfræðingafélagi Íslands átt fjölmarga fundi með heilbrigðismálayfirvöldum á undanförnum misserum í þeirri viðleitni að brugðist verði við. Krafa þeirra er að stöðum sálfræðinga hjá heilsugæslum landsins verði fjölgað, og sálfræðiþjónusta verði hluti af almannatryggingakerfinu. „Við viljum bara að það sé gott aðgengi að sálfræðiþjónustu og sálfræðimeðferð á stofunum verið niðurgreidd af hinu opinbera. Á síðasta fundi okkar með heilbrigðisráðherra óskuðum við eftir því að stofnaður yrði starfshópur með aðild okkar, þar sem leitað yrði leiða til að koma þessum hlutum í skikkanlegt horf. Við finnum fyrir miklum skilningi hjá stjórnvöldum, en því miður hefur enn lítið gerst," segir formaður Sálfræðingafélagsins.

„Þetta er auðvitað margþættur vandi og við teljum að það ætti að vera í boði lagskipt þjónusta. Heilsugæslurnar ættu í fyrsta lagi að geta boðið fólki með geðrænan vanda upp á hópmeðferð, sem gagnast mörgum, einhverjir þyrftu svo einkaviðtöl og aðrir eitthvað meira. Auðvitað fylgir þessu kostnaður, en rannsóknir víða erlendis hafa sýnt að það er fjárhagslega hagkvæmt fyrir samfélagið að bjóða upp á svona þjónustu. Kostnaðurinn við að ráðast í breytingar á kerfinu

myndu borga sig upp á einu kjörtímabili,“ segir Hrund Þrándardóttir.

**Ástæða til að hafa áhyggjur ef ekkert verður að gert**

Eins og áður segir njóta leik- og grunnskólabörn ákveðinnar sálfræðiþjónustu í gegnum sérfræðiþjónustu sveitafélaganna. Framhaldsskólanemar njóta engra niðurgreiðslna vegna sálfræðiþjónustu, en í Verkmenntaskólanum á Akureyri er einn starfandi sálfræðingur. Formaður sálfræðingafélagsins segir að þar megi merkja töluvert lægra hlutfall þeirra sem flosna upp úr námi. Sálfræðingafélagið hefur lengi barist fyrir því að framhaldsskólanemendum landsins verði tryggt gott aðgengi að sálfræðiþjónustu.

Í þingsályktunartillögu, sem Karl Garðarsson þingmaður Framsóknarflokksins er fyrsti flutningsmaður að og var lögð fram á Alþingi 1. apríl síðastliðinn, um aðgerðaráætlun um geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn, unglinga og fjölskyldur





# Sögufrægir reitir í Kvosinni

Kynntu þér hvernig Reitir fasteignafélag varðveitir ásýnd og sögu borgarinnar.

REITIR

*Velkomin til starfa*

Kringlan 4–12 103 Reykjavík www.reitir.is 575 9000

þeirra er fjölmargt að finna sem rennir stoðum undir áhyggjur Sálfræðingafélags Íslands af stöðu mála.

Þar segir að kvíði sem ekki sé unnið með á æskuárunum sé líklegur til þess að verða farvegur fyrir þunglyndi og alvarlegri geðsjúkdóma og í kjölfar efnahagskreppunnar hafi komið fram sterkar vísbendingar um að tilfinningavandi barna hérlendis hafi aukist. Samkvæmt bestu mögulegu þekkingu eigi að bjóða upp á gagnreynda sálfræðimeðferð, nánar tiltekið hugræna atferlismeðferð, áður en gripið sé til annarra úrræða eins og lyfjagjafar. Þetta er í samræmi við áðurnefndar klínískar leiðbeiningar Landspítalans.

Þá segir í þingsályktunartillögunni að sé ekki tekið á vandanum í barnæsku burðist fólk með hann inn í fullorðinsárin með alvarlegum afleiðingum fyrir viðkomandi, fjölskyldu og samfélagið í heild sinni.

Í tillögunni segir ennfremur að tæplega 40 prósent þeirra sem eru 75 prósent öryrkjar hér á landi séu það vegna geðraskana. Þá hafi því verið spáð að árið 2020 verði þunglyndi önnur mesta orsök örorku í heiminum og kostnaður samfélagsins vegna bóta, glataðra skatta, óhóflegrar notkunar á heilbrigðis- og félagsþjónustu, lyfjum og öðru sé gríðarlegur. Erlendis hafi verið reiknað út að það sé þjóðhagslega hagkvæmt að ráðast í átak til að sporna við alvarlegum afleiðingum tilfinningavanda og bjóða upp á bestu mögulegu meðferð í samræmi við klínískar leiðbeiningar. Með því að veita börnum, unglingum og fjölskyldum þeirra meðferð í dag sé unnið gegn framtíðarvanda. Foreldrar séu órjúfanlegur hluti af lífi barna sinna, og fullorðið fólk snúi hjólum atvinnulífsins, og því þurfi samhliða að vinna að sambærilegri aðgerðaráætlun til þess að auka aðgengi fullorðins fólks að gagnreyndum sálfræðimeðferðum og bæta geðheilbrigðiskerfi landsmanna allra með þrepaskiptri nálgun þar sem skimað verði fyrir vanda og almenn þjónusta veitt í nærumhverfi.

## Ástæða til hóflegrar bjartsýni

Eins og ofangreind þingsályktunartillaga ber með sér, þá virðast stjórnvöld vera að opna augun fyrir mikilvægi þess

að sálfræðiþjónusta verði í boði fyrir sem flesta óháð fjárhag. „Við erum hætt að þurfa að sannfæra ráðamenn um mikilvægi þess að sálfræðiþjónusta verði aukin, þannig að við erum hóflega bjartsýn á að við finnum leið í samvinnu við stjórnvöld um hvernig þessum málum verði best háttað," segir Hrund Þrándardóttir.

Eitt af því sem hefur opnað augu stjórnvalda fyrir vandamálinu er mikil lyfjanotkun sem tíðkast hérlendis. Notkun fullorðinna á lyfjum við ofvirkni og athyglisbresti, ADHD, hér á landi hefur nánast fjórfaldast á síðustu tíu árum og er hvergi meiri í heiminum að því er fram kemur í nýrri rannsókn. Þá eiga Íslendingar sömuleiðis heimsmet í geðlyfjanotkun og er hún nærri tvöfalt meiri en að meðaltali í OECD ríkjum. Kostnaður Sjúkratrygginga vegna tauga- og geðlyfja nemur um þremur og hálfum milljarði króna á hverju ári, en notkun lyfjanna hefur aukist stöðugt hérlendis frá árinu 1990 og nálgast aukningin þreföldun á þessu tímabili.

„Það er skiljanlegt að lyfjanotkun sé mikil hér á landi á meðan lyfjameðferð er í raun eina meðferðarúrræðið sem læknar geta vísað í því það er á færi fárra að kosta sálfræðimeðferð alfarið úr eigin vasa. Við höfum ítrekað boðið fram aðstoð okkar til að finna réttar leiðir út úr þessu ástandi, nú er farið að örla á skilningi heilbrigðisyfirvalda á þessu vandamáli, og mikilvægi þess að hægt sé að beina fólki frekar í hugræna atferlismeðferð sem virka best við algengustu kvillunum. Við erum ekki að standa okkur nógu vel, og það þarf að breytast," segir Hrund Þrándardóttir formaður Sálfræðingafélags Íslands.



# Háskólamenn óttast valdafólk

Fjöldi háskólamanna sem hefur tjáð sig við fjölmiðla hefur sætt gagnrýni frá stjórnmálamönnum, valdafólki eða öðrum hagsmunaaðilum vegna þess.




# Evrópu- og heimsmeistari

Það er skammt stórra högga á milli hjá Volkswagen Golf þessa dagana. Ekki er langt síðan Golf var kosinn bíll ársins í Evrópu 2013 á bílasýningunni í Genf og síðan bættist við enn ein rósin í hnappagatið þegar 66 bílablaðamenn hvaðanæva að útnefndu hann bíl ársins í heiminum á bílasýningunni í New York.

Í vor eru 40 ár liðin síðan Golf kom fyrst á markað og setti ný viðmið í hönnun fjölskyldubíla. Viðtökurnar við þessari sjöundu kynslóð sýna svo ekki verður um villst að enn er Volkswagen Golf fremstur meðal jafningja.

**Volkswagen Golf kostar frá**

**3.490.000 kr.***

*Golf Trendline, 1.4 TSI, beinskiptur, 122 hestöfl.

CAR OF THE YEAR 2013

WORLD CAR AWARDS 2013
WORLD CAR DESIGN OF THE YEAR

Das Auto.

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**MENNTAMÁL**
Björn Gíslason

Sjötti hver háskólamaður segist hafa komið sér hjá því að tjá sig við fjölmiðla vegna ótta við viðbrögð valdafólks úr stjórnmála- og efnahagslífi. Þá telur meirihluti aðspurðra háskólamanna að akademísku frelsi fræði- og vísindamanna á Íslandi stafi ógn af gagnrýni eða hótunum frá valdafólki í stjórnmálum og efnahags- og atvinnulífi. Þetta kemur fram í niðurstöðum nýrrar könnunar um viðhorf háskólafólks til þátttöku í opinberri umræðu á vettvangi fjölmiðla.

## Ádrepa í rannsóknarskýrslu

Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis hefur að geyma ádrepu á störf háskólasamfélagsins í aðdraganda falls íslenska bankakerfisins. Þar er háskólafólki legið á hálsi að hafa ekki haft uppi næga gagnrýni á ástand mála en jafnframt er þó bent á að aðstæður til gagnrýninnar umræðu í samfélaginu hafi verið bágbornar.

Sérstök þingmannanefnd, sem skipuð var fulltrúum allra flokka sem áttu sæti á Alþingi á síðasta kjörtímabili, vann sjálf skýrslu um rannsóknarskýrsluna. Í meginniðurstöðum og ályktunum þingnefndarinnar er sérstaklega vikið að samfélagsumræðu á Íslandi og bent á að góð stjórnmálaumræða náist fram „með því að láta andstæð sjónarmið mætast þar sem byggt er á staðreyndum og málin eru krufin til mergjar. Íslensk stjórnmál hafa ekki náð að þroskast nægilega í samræmi við það“. Í skýrslunni er jafnframt að finna hvatningu til háskólafólks „af ólíkum fræðasviðum til að taka þátt í opinberri umræðu og styrkja með því tengsl fræðasamfélagsins, atvinnulífsins og hins almenna borgara“.

Hvatningin til háskólafólks byggist á þeirri hugmynd að þessi hópur hafi fram að færa einhverja þekkingu eða reynslu, umfram aðra borgara, sem nýst geti í hinni lýðræðislegu umræðu. Sú þekking eða reynsla getur jafnvel varpað nýju ljósi á ýmis málefni í samfélaginu og stuðlað að því að rökstuddar og yfirvegaðar ákvarðanir séu teknar í mikilvægum samfélagsmálum. Hvatningin hvílir líka á þeirri hugmynd að innan háskólanna starfi fólk sem hafi það að

markmiði að afla nýrrar þekkingar eða leita „sannleikans“, eins og það er stundum nefnt, með aðferðum vísindanna sem byggjast á gagnrýninni hugsun.

**Veigra sér við að taka þátt**

Í þessu samhengi hefur verið talað um borgaralegar skyldur háskólafólks, það er að það láti að sér kveða í hinni opinberu umræðu þegar því sýnist réttu máli hallað eða umræða um tiltekin mál vanrækt. Akademískt frelsi háskólafólks, sem oft hefur verið nefnt mikilvægasta lögmál háskólasamfélagsins og felst í frelsi háskólamanna til kennslu, rannsókna og tjáningar án óeðlilegrar íhlutunar annarra í samfélaginu, á að tryggja að fólk úr háskólasamfélaginu geti tekið þátt í umræðunni án þess að óttast um hag sinn.


Ýmislegt bendir hins vegar til hluti háskólafólks veigri sér engu að síður við að taka þátt í samfélagsumræðunni hér á landi vegna þess hversu óvægin umræðan getur orðið. Í rannsóknarskýrslu Alþingis er talað um tjáningarótta og sjálfskipaða þöggun í þessu samhengi og jafnframt rakin dæmi af hótunum og þöggun sem háskólafólk sætti af hálfu valdafólks í efnahags- og stjórnmálalífi fyrir að andæfa ríkjandi sjónarmiðum í samfélaginu. Á síðustu árum og misserum hafa svo birst fleiri dæmi þess að ákveðins óþols gæti gagnvart þátttöku háskólafólks í opinberri umræðu. Nefna má dæmi þar sem hvatt var til brottreksturs háskólafólks úr nefndum eða starfi fyrir framlag þess til Icesave-umræðunnar eða fyrir að leggja mat á þróun tiltekinna stjórnmálaflokka.

Þá má finna tvö nýleg dæmi þar sem háskólafólk hefur verið sakað um pólitísk afskipti eða pólitískar krossfarir eftir að hafa vakið athygli á sjónarmiðum sem ekki hafa verið ráðandi aðilum að skapi.

Á málþingi sem haldið var undir yfirskriftinni „Eru háskólakennarar í pólitískri krossferð?“ í Háskóla Íslands á dögunum nefndu þátttakendur fleiri dæmi frá liðnum árum af gagnrýni og hótunum valdafólks í efnahags- og atvinnulífi í garð háskólafólks.


# Niðurstöður: Viðhorf háskólafólks til þátttöku í umræðu í fjölmiðlum

Hversu oft eða sjaldan hafa íslenskir fjölmiðlar rætt við þig sem vísinda- og fræðimann á síðastliðnum tólf mánuðum?“





Aldrei · Einu sinni · Tvisvar til fimm sinnum · Sex til tíu sinnum · Einu sinni í mánuði · Tvisvar til þrisvar í mánuði · Einu sinni í viku eða oftar

Hversu vel eða illa telur þú íslenska fjölmiðla valda því hlutverki að miðla þekkingu/rannsóknum úr háskólasamfélaginu?





Mjög vel · Vel · Hvorki vel né illa · Illa · Mjög illa

Hversu rétta eða ranga mynd telur þú að fjölmiðlar gefi almennt af vísinda- og fræðimönnum úr háskólasamfélaginu?





Hárrétta · Rétta · Hvorki rétta né ranga · Ranga · Alranga

Hversu sammála eða ósammála ertu því að fjölmiðlar spyrji að jafnaði fræði- og vísindamenn fremur um skoðanir þeirra en faglega þekkingu?





Mjög sammála · Frekar sammála · Hvorki sammála né ósammála · Frekar ósammála · Mjög ósammála

Hversu oft eða sjaldan hefurðu lent í því að fjölmiðlar hafi að þínu mati tekið orð þín úr samhengi?





Alltaf · Oft · Stundum · Sjaldan · Aldrei · Á ekki við

Hversu oft eða sjaldan hefur þú á síðustu tólf mánuðum skrifað grein(ar) í dagblað/tímarit eða á vefsíðu, byggða(r) á sérþekkingu þinni, sem ætlaðar eru almenningi sem innlegg í opinbera umræðu?





Aldrei · Einu sinni · Tvisvar til fimm sinnum · Sex til tíu sinnum · Einu sinni í mánuði

Hversu mikilvægt eða lítilvægt telur þú að vísinda- og fræðimenn taki þátt í opinberri umræðu um mikilvæg þjóðfélagsmál?





Mjög mikilvægt Frekar mikilvægt Hvorki mikilvægt né lítilvægt Frekar lítilvægt Mjög lítilvægt

Hversu móttækilegt eða ómóttækilegt telur þú samfélagið almennt fyrir þátttöku vísinda- og fræðimanna í opinberri umræðu um þessar mundir?





Mjög móttækilegt Móttækilegt Hvorki móttækilegt né ómóttækilegt Ómóttækilegt Mjög ómóttækilegt Ég vil ekki/get ekki svarað þessari spurningu

Hversu oft eða sjaldan á starfsferli þínum hefur þú komið þér hjá því að tjá þig sem vísinda- eða fræðimaður við fjölmiðla til að forðast gagnrýni frá stjórnmálamönnum, valdafólki í efnahagslífi eða öðrum hagsmunaaðilum í atvinnulífi?





Aldrei Einu sinni Tvisvar sinnum Þrisvar sinnum Oftar en þrisvar sinnum Ég hef aldrei rætt við fjölmiðla

Hversu oft eða sjaldan á starfsferli þínum hefur þú komið þér hjá því að tjá þig sem vísinda- eða fræðimaður við fjölmiðla vegna ótta við viðbrögð almennings?





Aldrei Einu sinni Tvisvar sinnum Þrisvar sinnum Oftar en þrisvar sinnum Ég hef aldrei rætt við fjölmiðla

Hversu líklegt eða ólíklegt er að gagnrýni frá stjórnmálamönnum, valdafólki í efnahagslífi eða öðrum hagsmunaaðilum í atvinnulífi á vísinda- og fræðimenn myndi koma í veg fyrir að þú tjáðir þig við fjölmiðla um mál sem hefur mikla pólitíska þýðingu?




Mjög líklegt Líklegt Hvorki líklegt né ólíklegt Ólíklegt Mjög ólíklegt

Hversu sammála eða ósammála ertu því að akademísku frelsi fræði- og vísindamanna á Íslandi stafi ógn af gagnrýni eða hótunum frá stjórnmálamönnum, valdafólki í efnahagslífi eða öðrum hagsmunaaðilum í atvinnulífi?




Mjög sammála Frekar sammála Hvorki sammála né ósammála Frekar ósammála Mjög ósammála

Gagnrýni og hótanir gagnvart háskólafólki eru hins vegar ekki alltaf uppi á yfirborðinu og til þess að varpa frekara ljósi á aðstæður háskólafólks til þátttöku í samfélagslegri umræðu gerði greinarhöfundur sérstaka könnun meðal prófessora, dósenta og lektora við íslenska háskóla á haustmánuðunum 2013. Könnunin var liður í lokaverkefni í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands. Spurt var um reynslu þessa hóps af þátttöku í samfélagsumræðunni í gegnum fjölmiðla og viðhorfi til slíkrar umræðu. Könnunin var send á um 750 manns og var svarhlutfall um 40%.

## MARGÞÆTT SKYLDA HÁSKÓLAFÓLKS GAGNVART SAMFÉLAGINU




Frumskylda háskólamanna er að sinna kennslu og rannsóknum en árvekni þeirra gagnvart því hvernig þekkingin er notuð í samfélaginu er einnig mikilvæg, segir Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands. Í því felist meðal annars að háskólafólk sé á varðbergi gagnvart því að farið sé ranglega með eitthvað sem varðar þeirra fræðasvið og að þekking úr háskólunum sé notuð í skaðlegu skyni.


Vilhjálmur segir borgaralega skyldu háskólamanna líka geta náð til málefna sem aðrir vanræki vegna þrýstings af ýmsu tagi. „Eins held ég að megi segja að því skeytingarlausari sem stjórnmálin og stjórnmálamenn eru um staðreyndir og mannréttindi, þeim mun sterkari verður þessi skylda að háskólamenn beiti sér," segir Vilhjálmur. Hið akademíska samfélag geti með framlagi sínu stuðlað að því að ákvarðanir sem teknar eru og varða samfélagið séu vel ígrundaðar og upplýstar.

Vilhjálmur, sem var formaður vinnuhóps um siðferði og starfshætti í tengslum við Rannsóknarnefnd Alþingis 2009–2010, ræddi við Kjarnann um starf vinnuhópsins, meðal annars hvers vegna hópurinn hefði ákveðið að skoða sérstaklega ábyrgð háskólamanna í aðdraganda bankahrunsins. Í viðtalinu bendir Vilhjálmur líka á mikilvægi þess að háskólamenn greini á milli hlutverks síns sem borgara og vísindamanns og segir frá þverfræðilegri rannsókn sem hann vinnur að ásamt hópi hug- og félagsvísindafólks og hefur það að markmiði að greina hvernig styrkja megi stjórnsiði og lýðræðislega innviði íslensks samfélags. Þar horfir hópurinn meðal annars til nágrannalandanna til samanburðar og í rannsókninni er sérstaklega vikið að hlutverki fjölmiðla í lýðræðislegri umræðu.

## Sjötti hver hræddur við valdafólk


Yfirgnæfandi meirihluti aðspurðra taldi mjög eða frekar mikilvægt að vísinda- og fræðimenn tækju þátt í opinberri umræðu um mikilvæg þjóðfélagsmál og rúm 60% töldu að samfélagið væri móttækilegt fyrir þátttöku vísinda- og fræðimanna í samfélagsumræðunni en áttundi hver var á öndverðri skoðun.

Hefur þú sjálf(ur) sætt gagnrýni frá stjórnmálamönnum, valdafólki í efnahagslífi eða öðrum hagsmunaaðilum í atvinnulífi eftir að hafa tjáð þig sem vísinda- eða fræðimaður við fjölmiðla í tilteknu máli? (Merktu við allt sem við á)




Já, frá stjórnmálamanni/mönnum
Já, frá valdamanni/mönnum í efnahagslífi
Já, frá öðrum hagsmunaaðilum í atvinnulífi
Nei, aldrei
Ég hef aldrei rætt við fjölmiðla

Hefur þú sjálf(ur) sætt hótunum af einhverju tagi frá stjórnmálamönnum, valdafólki í efnahagslífi eða öðrum hagsmunaaðilum í atvinnulífi eftir að hafa tjáð þig sem vísinda- eða fræðimaður við fjölmiðla í tilteknu máli? (Merktu við allt sem við á)




Já, frá stjórnmálamanni/mönnum
Já, frá valdamanni/mönnum í efnahagslífi
Já, frá öðrum hagsmunaaðilum í atvinnulífi
Nei, aldrei
Ég hef aldrei rætt við fjölmiðla

Þá leiddi könnunin þá athyglisverðu niðurstöðu í ljós að sjötti hver svarandi hafði komið sér hjá því að tjá sig við fjölmiðla vegna ótta við valdafólk úr stjórnmála- og efnahagslífi, en mun færri, eða sjö prósent svarenda, sögðust hafa vikið sér undan því að tala við fjölmiðla vegna ótta við viðbrögð almennings. Í könnuninni var einnig spurt hversu líklegt eða ólíklegt væri að gagnrýni frá valdafólki í stjórnmálum, efnahagslífi eða atvinnulífi á vísindamenn myndi koma í veg fyrir að svarendur í könnuninni tjáðu sig við fjölmiðla um mál sem hefði mikla pólitíska þýðingu. Sjötti hver svarandi taldi líklegt eða mjög líklegt að slík gagnrýni myndi hafa áhrif á hann.

## Sex prósentum hótað af stjórnmálamanni

Í könnuninni var spurt hvort háskólafólk hefði sætt gagnrýni af hálfu tiltekinna valdahópa eftir að hafa tjáð sig sem vísinda- eða fræðimaður við fjölmiðla í tilteknu máli og

gafst möguleiki á að merkja við fleiri en einn kost. Rúmlega 20% svarenda hökuðu við þá fullyrðingu að þeir hefðu sætt gagnrýni af hálfu hagsmunaaðila í atvinnulífi og sjötti hver sagðist hafa mátt þola gagnrýni frá stjórmálamanni eða -mönnum við sömu aðstæður. Þegar tekið hefur verið tillit til þess að einhverjir hökuðu við fleiri en einn kost í spurningunni kemur í ljós að 42% aðspurðra, sem á annað borð höfðu rætt við fjölmiðla, höfðu sætt gagnrýni frá einhverjum þeirra valdahópa sem spurt var um. Enn fremur sögðust sex prósent svarenda hafa fengið hótun frá stjórnmálamanni eða -mönnum eftir að hafa tjáð sig sem vísinda- eða fræðimaður við fjölmiðla í tilteknu máli og sama hlutfall hafði fengið hótun frá hagsmunaaðilum í atvinnulífi við sömu aðstæður.




**Ógn við akademískt frelsi**
Tæplega sex af hverjum tíu svarenda voru frekar eða mjög sammála því að akademísku frelsi fræði- og vísindamanna á Íslandi stafaði ógn af gagnrýni eða hótunum frá stjórnmálamönnum, valdafólki eða öðrum hagsmunaaðilum.

Þessu til viðbótar voru tæplega sex af hverjum tíu svarenda frekar eða mjög sammála því að akademísku frelsi fræði- og vísindamanna á Íslandi stafaði ógn af gagnrýni eða hótunum frá stjórnmálamönnum, valdafólki í efnahagslífi eða öðrum hagsmunaaðilum í atvinnulífi en einungis fimmtungur sagðist ósammála slíkri fullyrðingu. Frekari niðurstöður má sjá hér til hliðar.

Í athugasemdum í lok könnunar lýsti hluti þátttakenda áhyggjum af stöðu mála, meðal annars að stjórnmálamenn græfu markvisst undan sérþekkingu og að viðbrögð hagsmunaaðila við störfum vísindamanna hefðu áhrif á nýliðun á tilteknum fræðasviðum. Út frá samtölum við háskólafólk og athugasemdum í könnuninni kemur jafnframt í ljós að margir þekkja til háskólafólks sem orðið hefur fyrir aðkasti eða þrýstingi eftir að tjáð sig í fjölmiðlum um tiltekin þjóðfélagsmál.

# Er heimsmyndin í molum?

Á verkstæði Macland færðu nýjan skjá og línurnar skýrast.




Laugavegur 17 | Sími: 580 7500 | hjalp@macland.is | **macland.is**

macland

## Traust til fjölmiðla

Hversu mikið eða lítið traust berðu til eftirfarandi fjölmiðla?




### Háskólafólk vantreystir fjölmiðlum

Í könnuninni má jafnframt greina nokkurt vantraust meðal háskólafólks gagnvart fjölmiðlum, ekki síst þegar kemur að því að miðla faglegri þekkingu og rannsóknum úr samfélaginu. Þó naut Ríkisútvarpið yfirburðatrausts meðal háskólafólks en traust til annarra miðla reyndist langtum minna en sjá má í sams konar könnunum sem MMR hefur gert meðal almennings. Nánari útlistun á trausti háskólafólks til fjölmiðla má sjá hér til hliðar.

Eðlilegt hlýtur að teljast að ráðamenn í stjórnmála- og efnahagslífi skiptist á skoðunum við háskólafólk líkt og aðra borgara um ýmis málefni samfélagsins og þá er háskólafólk alls ekki hafið yfir gagnrýni frekar en aðrir sem láta sig samfélagsmál varða. En ef ráðandi aðilar í samfélaginu hafa hins vegar í frammi ógnandi tilburði eða láta í það skína að þeir muni á einhvern hátt nýta vald sitt gegn háskólafólki er hætta á því að háskólafólkið hætti sér ekki út í samfélagsumræðuna og um leið að ákveðar raddir í hinni lýðræðislegu umræðu heyrist ekki.

**GREINING** Staðan í Úkraínu minnir óþægilega á innanmeinin í Austur-Evrópu við upphaf fyrri heimsstyrjaldar

# Ferdinand, Svejk og púðurtunnan



GREINING
Magnús Halldórsson
@maggihalld

Tékkinn Jaroslav Hasék (1883–1923) skrifaði uppáhaldsbók mína, Góða dátann Svejk. Karl Ísfeld þýddi snilldarlega. Í bókinni ræðst Hasék gegn stórum og djúpum siðferðilegum spurningum þegar kemur að stríði með hnífbeittan húmor og náttúrulega frásagnargáfu að vopni. Hann lést, aðeins fertugur að aldri, áður en hann náði að klára öll bindi sögunnar; fjórum af sex var lokið. En útgáfa þess efnis sem hann hafði lokið hefur fengið heilu kynslóðirnar til þess að veltast um af hlátri og hugsa til hörmunga stríðstímans í Evrópu, ekki síst Austur-Evrópu. Frásagnargáfa Haséks var mögnuð og afköstin á stuttum ferli með ólíkindum. Hann skrifaði ríflega 1.200 smásögur, margar hverjar fullur við barborð á öldurhúsum í Prag.

## Hugsað til Svejk

Að undanförnu hefur mér verið hugsað til þessarar bókar. Einkum upphafs hennar, þegar Svejk er að láta raka sig. Þá fær hann upplýsingar um það þegar erkihertoginn

Franz Ferdinand var drepinn í Sarajevo hinn 28. júní 1914. Í kjölfarið hefst sagan óborganlega af Svejk, dátanum seinheppna. Hann gengur í herdeild Austurrísk-ungverska keisaradæmisins og hefur síðan göngu sína í gegnum hörmungar fyrri heimsstyrjaldarinnar.

Á mánudaginn fékk ég stutt skilaboð í símann minn frá fréttaþjónustu Wall Street Journal, þar sem sagði orðrétt: Tugþúsundir rússneskra hermanna eru við landamæri Úkraínu. Raðir skriðdreka sömuleiðis. Spennan magnast.

Í Úkraínu, alveg eins og Sarajevo á sumarmánuðum 1914, er uppi ógnvænleg staða. Landið er, að því er virðist, að liðast í sundur innan frá. Þannig var staðan einnig þegar bílaröð Franz Ferdinands og fylgisveina hans varð fyrir skotárásinni í heimsókninni til Oskars Potiorek hershöfðingja sem hafði boðið erkihertoganum að vera viðstaddur hersýningu. Innanmein, efnahagslegir erfiðleikar, sundurlyndi og sífellt vaxandi samfélags ólga breytti samfélagsgerðinni í púðurtunnu sem sprakk.

Getur svipað gerst núna? Geta stríðsátök brotist út í Austur-Evrópu þar sem Rússar eru helsta ógnin við nágrannaríkið Úkraínu? Er hættan á þessu ofmetin?

„Frásagnargáfa Haséks var mögnuð og afköstin á stuttum ferli með ólíkindum.“

**Spurningarnar eru komnar fram**

Þessar spurningar eru farnar að sjást víða í fjölmiðlaumræðu á erlendum vettvangi og ýmsir stjórnmálamenn virðast telja að Vladimír Pútín, forseti Rússlands, sé hættulegur og veruleikafirrtur. Angela Merkel sagði það berum orðum og Carl Bildt sagði að Pútín myndi ekki linna látum fyrr en hann væri búinn að ná algjörum yfirtökum í Kíev, höfuðborg Úkraínu.

Enginn getur sagt til um það með vissu hvort stríð getur brotist út en spor sögunnar hræða. Ólíkt því sem var þegar morðið á Franz Ferdinand ýtti fyrri heimsstyrjöldinni af stað, þó að slíkt sé vitaskuld einföldun á flóknari atburðarás, er sterkt friðarhvetjandi fyrirkomulag fyrir hendi sem birtist í alþjóðapólítískum stofnunum. Þar eru Sameinuðu þjóðirnar og Evrópusambandið áberandi, en einnig vettvangur þar

# VEISTU HVAÐ ÞÚ ÁTT?





**Heimilið**
**Líf- og heilsa**
**Bíllinn**
**Reksturinn**

Hvað er langt síðan þú gafst þér tíma til að velta því fyrir þér hversu mikil verðmæti leynast á þínu heimili?

Skoðaðu þitt dæmi með reiknivél Varðar á **vordur.is**

**VIÐ VILJUM KYNNAST ÞÉR BETUR.**

vörður

sem helstu iðnríki heimsins eiga með sér samstarf á pólitískum forsendum. Stundum þarf að minna á það hversu stutt er síðan þessi stóru og miklu framfaraskref voru stigin með stofnun Sameinuðu þjóðanna árið 1945 og Kola- og stálbandalags Evrópu árið 1952, sem síðar varð vísir að Evrópusambandinu. Veigamesta ástæðan fyrir stofnun SÞ og ESB var viðleitni til þess að koma í veg fyrir stríð. Það hefur ekki alltaf tekist en það eru meiri líkur á að svo verði á meðan þessar mikilvægu stofnanir eru virkur vettvangur um hvernig skuli taka á vandamálum eins og því sem nú blasir við í Úkraínu.

Saga hörmunga stríðsátaka í Austur-Evrópu, sem Hasék hjálpar kynslóðunum að gleyma ekki í gegnum dátann Svejk, er víti til að varast. Það er huggun harmi gegn að búa við alþjóðapólitíska samvinnu þegar samfélagslegar púðurtunnur verða til, en alveg eins og þegar Franz Ferdinand var skotinn geta hlutirnir breyst leiftursnöggt til hins verra.

„Í Úkraínu, alveg eins og Sarajevo árið 1914, er uppi ógnvænleg staða.“

# Fyrrverandi stjórn 365 greiddi skaðabætur

Fyrrverandi stjórnarmönnum 365 var stefnt vegna sölu á fjölmiðlum félagsins strax eftir hrun. Þeir sömdu um að greiða sig frá málsókninni.



**DÓMSMÁL**

Þórður Snær Júlíusson
@thordursnaer

Jón Ásgeir Jóhannesson, Pálmi Haraldsson, Magnús Ármann og Þorsteinn M. Jónsson greiddu sjóði í eigu Landsbanka Íslands tugi milljóna króna fyrir að falla frá skaðabótamáli á hendur sér. Málið, sem var upphaflega tekið fyrir í héraðsdómi haustið 2011, snýst um fléttu sem stjórn 365 ehf. greip til snemma í nóvember 2008 þegar allir fjölmiðlar félagsins voru seldir til félags í eigu Jóns Ásgeirs Jóhannessonar fyrir tæplega 1,4 milljarða króna. Eftir í 365 ehf., sem síðar var endurnefnt Íslensk afþreying ehf., urðu milljarða skuldir, meðal annars við sjóð Landsbankans.

Dómskvaddir matsmenn komust síðar að þeirri niðurstöðu að 365 ehf. hefði verið ógjaldfært á þeim tíma sem fjölmiðlarnir voru seldir til Jóns Ásgeirs og því hefði átt að gefa félagið upp til gjaldþrotaskipta samkvæmt lögum.

Í stað þess að gefa 365 ehf. upp til gjaldþrotaskipta ákváðu fjórmenningarnir, sem sátu í stjórn 365 ehf. á þessum tíma, að selja verðmætustu eignir þess til stærsta hluthafans Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og nota það fé sem fékkst fyrir til að greiða upp skuldabréfaflokk sem var á gjalddaga 5. nóvember 2008. Fimmti stjórnarmaðurinn á þessum tíma, Árni Hauksson, greiddi atkvæði gegn sölu fjölmiðlanna og sagði sig í kjölfarið úr stjórninni. Hann rökstuddi ákvörðun sína meðal annars með því að hann teldi gjörninginn lögbrot.

Landsvaki, þá dótturfélag Landsbankans sem rak umræddan sjóð, taldi að með þessu hefðu Jón Ásgeir, Pálmi, Magnús og Þorsteinn mismunað kröfuhöfum og brugðist þeirri skyldu að gefa gjaldþrotafélag upp til skipta. Því stefndi Landsvaki mönnunum fjórum árið 2011 og krafðist skaðabóta.

Sátt náðist í málinu í janúar 2013, en ekki hefur áður verið greint frá henni opinberlega. Samkvæmt upplýsingum frá hlutdeildarskírteinishafa í sjóðnum greiddu mennirnir fjórir nokkra tugi milljóna króna til að losna frá málsókninni. Sömu heimildir herma að krafa Landsvaka hafi numið nálægt 130 milljónum króna. Hún hafi því ekki fengist öll greidd.

## Mikill áhugi á að eiga fjölmiðlana áfram

Nýja félagið sem keypti fjölmiðlana fékk nafnið Rauðsól ehf. en því var síðar breytt í 365 miðla ehf. og rekur það í dag fjölmiðla á borð við Stöð 2, Fréttablaðið, Bylgjuna og Vísi.is auk fjölda annarra sjónvarps- og útvarpsstöðva. Það er nú að langmestu leyti í eigu Ingibjargar Pálmadóttur, eiginkonu Jóns Ásgeirs.

Á þeim tíma sem salan fór fram skuldaði 365 ehf. tæpa sex milljarða króna og voru 1,5 milljarðar króna á gjalddaga 5. nóvember 2008. Fyrir hafði legið í meira en ár að nýtt hlutafé þyrfti til að mæta þessum gjalddaga. Ómögulegt reyndist hins vegar fyrir hluthafana að útvega sér lánsfé til að standa við aukninguna. Því blasti við sú staða að ekki væri hægt að standa við gjalddagann og því gætu kröfuhafar félagsins leyst það til sín.

Lítill áhugi virtist hins vegar vera hjá meirihluta stjórnar á því að gefa 365 upp til gjaldþrotaskipta. Þessi í stað var ákveðið að ráðast í ofangreindar aðgerðir.

### LANDSBANKINN UPPLÝSIR EKKI UM HVAÐA UPPHÆÐIR ER AÐ RÆÐA

Í svari Landsbankans við fyrirspurn Kjarnans um málið segir að Landsvaki hafi talið „að með sölu eigna til aðaleiganda og ráðstöfun söluandvirðis til greiðslu sumra kröfuhafa hefði kröfuhöfum verið mismunað og taldi sig geta sótt bætur í hendur stjórnarmanna Íslenskrar afþreyingar hf. [áður 365 ehf.] og hóf málarekstur vegna þess fyrir dómstólum. Vorið 2012 tóku Landsbréf hf. sjóðinn yfir og voru eftir það með fyrirsvar á kröfunni f.h. sjóðsins. Ákveðið var að semja um uppgjör hennar í janúar 2013“.

Að mati Landsbankans miðar sáttin að því að tryggja þeim sem áttu hlutdeildarskírteini í sjóðnum sem mestar endurheimtur: „Það var okkar mat á þeim tíma að við gerðum rétt í að ná þeirri sátt sem við náðum, enda alls óvíst um niðurstöður dómsmáls sem byggði á skaðabótakröfu sem engin fordæmi voru fyrir í íslenskum rétti. Þess utan var engan veginn sjálfgefið að kröfur hefðu innheimst að lokinni dómsmeðferð sem hefði getað tekið nokkur ár. Með þessu fengum við meira fyrir okkar snúð en aðrir –f.h. eigenda sjóðsins – enda vorum við einu fulltrúar skuldabréfaeigenda í nefndum skuldabréfaflokki sem freistaði þess að ná fram einhverjum rétti á þessum grundvelli.“

Bankinn vill ekki upplýsa hve mikið mennirnir fjórir greiddu. Í svari hans segir að „við lítum svo á að upphæðirnar og endurheimtur einstakra eigna í nefndum sjóði séu á milli okkar og sjóðsfélaganna og þeir hafa allar upplýsingar eins og vera ber en okkur beri ekki, né sé það skylt að veita öðrum en þeim, þær upplýsingar“. Heimildir Kjarnans herma að upprunaleg krafa Landsvaka í málinu hafi verið um 130 milljónir króna en að mennirnir fjórir hafi einungis greitt hluta hennar til að sleppa frá málsókninni. Greiðsla hvers og eins hljóp þó á tugum milljóna króna.

## Enn eitt Túngöturuglið

Ítarlega er fjallað um málið í bókinni „Íslands ehf – Auðmenn og áhrif eftir hrun“, eftir greinarhöfund og Magnús Halldórsson, sem kom út í ágúst í fyrra. Þar segir:

„Í hádeginu laugardaginn eftir, þann 1. nóvember 2008, var stjórnarfundurinn síðan haldinn. Fyrir hann hittust allir stjórnarmenn 365 utan Árna Haukssonar á fundi fyrir fundinn. Ari [Edwald] hafði greinilega komið afstöðu Árna á framfæri við hina stjórnarmennina. Fyrri fundurinn fór fram í hliðarherbergi í höfuðstöðvum 365. Hann sátu stjórnarformaðurinn Jón Ásgeir Jóhannesson, varaformaðurinn Pálmi Haraldsson, Þorsteinn M. Jónsson, Magnús Ármann og forstjórinn Ari Edwald. Að loknum þeim fundi gengu stjórnarmenn inn á stjórnarfundinn. Pálmi Haraldsson kom fyrstur inn í fundarherbergið og muldraði með sér eitthvað sem hljómaði eins og að þetta væri enn eitt Túngöturuglið sem væri í uppsiglingu, en höfuðstöðvar Baugs voru á þeim tíma við Túngötu í Reykjavík. Einhverjir töldu, á grundvelli hinnar muldruðu afstöðu, að Pálmi myndi beita sér gegn sölunni á fjölmiðlunum.

Jón Ásgeir setti síðan stjórnarfundinn sem stjórnarformaður og útskýrði dagskrá hans. Í kjölfarið gerði hann grein fyrir því að hann væri vanhæfur til að fjalla um málið, enda bæði seljandi og kaupandi fjölmiðlanna. Pálmi tók við stjórn fundarins, tilkynnti að fyrir honum lægi tillaga um sölu á fjölmiðlum 365 til Rauðsólar, félags Jóns Ásgeirs. Hann taldi tilboðið vera mjög gott og lagði til að því yrði tekið. Þorsteinn og Magnús tóku undir það en Árni greiddi einn atkvæði á móti, lét Hildi Sverrisdóttur bóka mótmæli í fundargerð og lagði að lokum fram bréf þar sem hann tilkynnti um úrsögn sína úr stjórninni.“

## Hámarka hagsmuni Jóns Ásgeirs

„Það voru mjög gildar ástæður fyrir stjórnarmenn 365 að hugsa sig alvarlega um áður en þeir samþykktu söluna á 365 til Rauðsólar. Í fyrsta lagi voru hundruð hluthafa í 365 á þessum tíma. Sú lausn sem lögð var til, og síðan framkvæmd,

snérist um að hámarka hagsmuni eins hluthafa, Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, á kostnað allra hinna. Hann ætlaði sjálfum sér allt en skilja ekkert eftir ... Afstaða Árna Haukssonar var sú að ef það ætti að selja alla fjölmiðlana þá ætti að framkvæma verðmat og leyfa öllum að bjóða. Á þessum tíma voru aðrir aðilar sem höfðu áhuga. ... Í öðru lagi kom fram í kynningu Ara Edwald á eignasölunni á stjórnarfundinum að 365 var í raun þegar gjaldþrota. Þar sagði hann að gatið, þær kröfur sem myndu ekki fást upp gerðar, yrðu ekki nema 2,5 milljarðar króna. Þeir kröfuhafar sem yrðu illa úti voru Landsbankinn og íslenskir lífeyrissjóðir. Samkvæmt lögum þarf að gefa félag sem er sannarlega gjaldþrota upp til skipta. Annað er lögbrot og stjórnarmennirnir gátu borið skaðabóta-ábyrgð vegna þess. Þegar á þetta var bent á stjórnarfundinum hló meirihluti stjórnarmanna af aðfinnslunni.

Þrátt fyrir þessa áhættu flaug málið í gegn og var samþykkt. Fljótlega kom í ljós að Jón Ásgeir átti eftir að finna þá 1,5 milljarða króna sem hann hafði skuldbundið sig til að greiða fyrir fjölmiðlahluta 365.“



## Hagar lánuðu

„En hvaða komu peningarnir? Enn hefur ekki verið upplýst hvaðan hluti þeirra kom, en þorri þeirra, 810 milljónir króna, kom frá smásölurisanum Högum. Auk þess hefur komið í ljós að aðrir fjárfestar, með miklar tengingar við Jón Ásgeir, komu að kaupunum. Á meðal þeirra var Pálmi Haraldsson og nokkrir starfsmenn 365.

Til útskýringar þá voru Hagar á þessum tíma að öllu leyti veðsettir Kaupþingi vegna fléttu sem ráðist hafði verið í vorið 2008. ... Þrátt fyrir það var félagið látið ráðstafa 810 milljónum króna til Jóns Ásgeirs sem láns til tveggja vikna svo hann geti keypt fjölmiðla út úr gjaldþrota 365. Kaupin voru fjármögnuð með handbæru fé frá rekstri, sem þýðir á mannamáli reiðufé af bankareikningi Haga. ... Þegar lánstíminn var liðinn var lengt í láninu en að endingu var tæpur helmingur þess, 393 milljónir króna, greiddur til baka í janúar 2009. Hinn helmingurinn hefur aldrei verið greiddur. Í skráningarlýsingu Haga sagði að sá helmingur hefði verið seldur til 365 miðla á 100 milljónir króna. Þar var ekki um raunverulega peningagreiðslu að ræða heldur fengu Hagar, sem er einn stærsti auglýsandi á Íslandi, auglýsingainneign hjá 365 miðlum sem greiðslu fyrir hlutinn. Þannig greiddi Jón Ásgeir í raun ekki fyrir hann heldur fyrirtækin sem hann keypti fyrir lánið.“

## Tap kröfuhafa 3,7 milljarðar króna

Nafni gamla 365 var breytt í Íslensk afþreying ehf. og félagið sett í þrot ... Þegar skipti fóru fram á búinu kom einnig í ljós að stjórnendur nýja og gamla 365 höfðu ákveðið að veita Rauðsól afslátt af sölu á hlutunum þegar endurskoðun fór fram á kaupverði þeirra. Sá afsláttur er talinn hafa verið veittur vegna þess að Jóni Ásgeiri tókst ekki að ná saman hærri upphæð en 1.350 milljónum króna til að kaupa miðlana.

Skiptastjóri þrotabúsins taldi að um kláran gjafagerning væri að ræða, enda var Jón Ásgeir stjórnarformaður í félaginu sem var að selja félagi í hans eigu fjölmiðlana, sömu

SMASSSALAT



**PANTA & SÆKJA**

**5 78 78 74**

SAFFRAN

lykilstjórnendur voru í báðum félögum, sátu stjórnarfundi í þeim og undirrituðu samningana sem veittu umræddan afslátt. Héraðsdómur var sammála skiptastjóranum og dæmdi Rauðsól, sem þá hafði verið sameinuð dótturfélaginu 365 miðlum undir nafni þess síðarnefnda, til að greiða þrotabúinu 160 milljónir króna til baka. 365 miðlar þurftu því að greiða þrotabúi 365 vegna kaupa á bréfum í 365 miðlum! … Þegar skiptum í þrotabúi íslenskrar afþreyingar ehf. lauk í júní 2012 þá höfðu fengist 467 milljónir króna upp í tæplega 4,2 milljarða króna kröfur. Gatið, sú upphæð sem kröfuhafar sátu uppi með, var því aðeins hærra en Ari Edwald hafði tilkynnt um á stjórnarfundinum fræga í byrjun nóvember 2008, eða samtals um 3,7 milljarðar króna.“

# Suðupunktur nálgast í Úkraínu

Úkraínskir auðmenn og rússneski herinn eru taldir viðriðnir uppreisnina í Úkraínu. Pútín dreymir um nýtt stórveldi.



**ÚKRAÍNA**
Þórunn Elísabet Bogadóttir
*@thorunneb*

Þegar bráðabirgðastjórn tók við völdum í Úkraínu eftir að Viktor Janúkovitsj hrökklaðist frá völdum í febrúar var efnahagsástandið stærsta verkefnið sem þá blasti við. Á tveimur mánuðum hefur margt breyst, ekki bara landamæri ríkisins. Daglega berast fréttir af uppreisn í austurhluta landsins. Á mánudag var borgarstjóri Kharkiv skotinn í bakið og á þriðjudag voru enn fleiri stjórnarbyggingar herteknar af uppreisnarmönnum, sem nú hafa slíkar byggingar á sínu valdi í rúmlega tíu borgum og bæjum.

**Hvað vilja uppreisnarmennirnir og hverjir eru þeir?**
Uppreisnarmennirnir í austurhluta Úkraínu vilja aukna sjálfstjórn, jafnvel sjálfstæði, og sumir vilja verða hluti af Rússlandi. Þeir segjast óttast að rússneskumælandi fólk í landinu verði kúgað af stjórnvöldum. Þeir njóta nokkurs stuðnings meðal almennings, enda eru margir óánægðir. Þá eru þær raddir háværar sem segja að núverandi stjórnvöld séu ólögmæt. Úkraínska þingið hefur í vikunni rætt möguleikann á því að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort landið eigi að vera sameinað áfram eða breytast í ríkjasamband þar sem hvert svæði hefði aukin völd. Þingmenn hafa ekki komist að neinni niðurstöðu og eru ósammála um orðalag og hvaða spurninga ætti að spyrja.

„Þrátt fyrir að sumir haldi því fram að uppreisnin sé sjálfsprottin hjá fólki á svæðinu er svo ekki að öllu leyti.“

Uppreisnarmennirnir eru færri en tóku þátt í innlimun Krímskaga. Flestir telja að þeir séu nokkuð hundruð, og þeim má skipta í tvo hópa. Annars vegar eru það hermenn, menn sem ganga um í ómerktum einkennisbúningum og eru bersýnilega vel þjálfaðir og vel vopnaðir. Hins vegar er verr skipulagður og vopnaður hópur uppreisnarmanna af hverjum stað eða svæði fyrir sig.

Þrátt fyrir að sumir haldi því fram að uppreisnin sé sjálfsprottin hjá fólki á svæðinu er svo ekki að öllu leyti. Óligarkar, úkraínskir auðmenn, eru taldir hafa fjármagnað



**Varist í Slaviansk**
Aðgerðasinnar hliðhollir Rússum hafa komið sér upp varnarvirkjum í Slaviansk í Suðaustur-Úkraínu og sitja þar vopnum búnir ef árás skyldi vera gerð. Mynd: AFP

uppreisnina að hluta. Þeir vilja sjálfstjórn en ekki rússnesk yfirráð, og fyrst og fremst vilja þeir halda áfram að auðgast á auðlindum landsins. Einnig bendir margt til þess að rússneski herinn og leyniþjónustan hafi verið viðriðnir uppreisnina. Blaðamenn á þessum svæðum hafa greint frá því að uppreisnarmenn hafi sumir viðurkennt að vera rússneskir ríkisborgarar, og bæði Bandaríkjamenn og Atlantshafsbandalagið (NATO) segjast hafa fyrir því sannanir að Rússar stjórni atburðarásinni.

## HVAÐA ÁHRIF HAFA REFSIAÐGERÐIR?

Í byrjun vikunnar voru kynntar nýjar viðskipta-þvinganir og refsiaðgerðir gegn Rússum. Bandaríkjamenn hafa farið þá leið að refsa nánustu bandamönnum Pútíns forseta en Evrópusambandið (ESB) hefur aðallega beitt menn sem hafa beinar tengingar við innlimun Krím í Rússland eða við uppreisnina í austurhluta Úkraínu þvingunum.

ESB getur ekki bannað mönnum að ferðast eða fryst eignir þeirra nema öll aðildarríkin samþykki það. Þá er auðveldara að vefengja refsiaðgerðir samkvæmt evrópskum lögum, og það hefur fólki tekist. Því hefur spjótunum aðallega verið beitt gegn þeim sem ljóst er að hafa beina tengingu við ástandið, jafnvel þótt sumir þeirra eigi engar eignir sem hægt er að frysta. Evrópa er síðan mun háðari Rússlandi en Bandaríkin; stór hluti olíu og gass í Evrópu kemur frá Rússlandi, þaðan kemur þriðjungur allrar orku.

Pútín hefur sloppið en Ígor Setsjín, sem er talinn næst-valdamesti maður Rússlands, er á nýjasta listanum. Hann er yfirmaður olíurisans Rosneft, en fyrirtækið hefur ekki enn verið beitt þvingunum. Hins vegar er litið á þessa aðgerð sem viðvörunarskot. Refsiaðgerðir gegn fyrirtækjum í olíu- og gasiðnaði gætu haft veruleg áhrif, enda er talið að um helmingur tekna ríkisins komi úr þessum iðnaði.

Hingað til hafa refsiaðgerðirnar þó haft mest áhrif á traust til rússneska hagkerfisins. Fjárfestingar í landinu hafa minnkað og fjármagn streymir burt þaðan. Þá hefur matsfyrirtækið Standard & Poor´s lækkað lánshæfismat ríksins í BBB, sem er einum flokki fyrir ofan hinn víðfræga ruslflokk. Hlutabréf hafa lækkað um fimmtán prósent og rúblan hefur fallið um níu prósent gegn dollaranum. Þrátt fyrir þetta tók hlutabréfamarkaðurinn við sér eftir að tilkynnt var um nýjustu þvinganirnar, þar sem þær voru vægari en búist hafði verið við.

**Hvað næst?**

Diplómatískar leiðir Vesturlanda hafa hingað til ekki skilað miklum árangri. Enn er mögulegt að auka refsiaðgerðir gegn Rússum en Evrópusambandið á erfiðara með það en Bandaríkin. Undanfarið hefur verið fjölgað í herliði NATO í Eystrasaltsríkjunum, Póllandi, Rúmeníu og við Svartahafið. Það hefur þó aðallega verið gert til að róa íbúa og stjórnvöld. NATO mun forðast hernaðarátök í lengstu lög, og mun ekki grípa til þeirra nema Rússar aðhafist eitthvað í aðildarríkjum NATO. Aðgerðir Vesturlanda hafa verið gagnrýndar víða undanfarið, þær sagðar of veikar og miklu harðari afstöðu þurfi að taka gegn Pútín, sem sýnir sífellt meiri einræðistilburði.



**Valdamenn**

Þeir Vladimír Pútín og Ígor Setsjín eru taldir vera tveir valdamestu menn Rússlands. Setsjín stjórnar olíurisanum Rosneft, en viðskipti með olíu og gas skipta miklu máli þegar Vesturlönd íhuga diplómatískar refsiaðgerðir gegn Rússum. Mynd: AFP

Gagnrýnendur benda líka á að Evrópusambandið hefur ekki eina trúverðuga og sannfærandi rödd í utanríkismálum. Í tilvikum eins og þessu getur það vissulega skaðað, þótt skoðanir séu mjög skiptar um hvort sameiginleg utanríkisstefna væri æskileg.

Ástandið í Úkraínu er gríðarlega flókið. Hvað gerist fram að kosningunum í lok maí er óljóst, sem og það hvort tekst að halda þær.



**Vernda rússneskumælandi Úkraínubúa**
Óljóst er hversu mikil bein áhrif rússnesk stjórnvöld hafa á aðskilnaðarsinna í Úkraínu.
Mynd: AFP

## Ýtt undir óánægju

Hvort sem rússnesk stjórnvöld halda um taumana í austurhluta Úkraínu eða ekki er ljóst að þau ýta undir óánægju almennings með áróðri. Rússneskt sjónvarp er til að mynda að miklu leyti undir stjórn Kremlarstjórnarinnar og það nýtur vinsælda í þessum hluta Úkraínu. Þar beita menn fyrir sig þjóðernishyggju og öðrum miður skemmtilegum áróðurstólum.

Sumir óttast að Pútín hyggist ráðast inn í Úkraínu, enda hefur hann látið út úr sér að hann þurfi að vernda rússneskumælandi fólk og fleira í þeim dúr. Hann hefur líka talað um það hversu mikil mistök sundrun Sovétríkjanna hafi verið og það dylst fáum að hann dreymir um nýtt stórveldi. Innrás í Úkraínu yrði þó aldrei eins auðveld og innlimun Krímskaga, þrátt fyrir að úkraínski herinn hafi enga burði til að stöðva hana.

Innrás er þó ekki eini möguleikinn í stöðunni. Pútín gæti líka nýtt sér áfram reiði fólks í austurhluta landsins og stuðlað áfram að upplausn og uppreisn. Í slíku ástandi er erfitt að halda fyrirhugaðar forsetakosningar hinn 25. maí og þá getur hann haldið áfram að halda því fram að stjórnvöld í Kíev séu ólögmæt og hafi ekki umboð. Þannig getur hann unnið að því að Úkraína verði sambandsríki Rússlands og undir hans stjórn.

En það er ekki bara í austurhluta landsins sem fólk er óánægt. Margir þeirra sem tóku þátt í mótmælunum á Sjálfstæðistorgi eru svekktir yfir því hvernig málin hafa þróast. Fólk tók áhættu af því að það vildi raunverulegar breytingar. Það vildi losna við spillinguna. Nú eru helstu frambjóðendur til forseta Júlía Tímósjenkó, fyrrverandi forsætisráðherra og óligarki, og Petró Porosjenkó, milljarðamæringur sem studdi mótmælin á Sjálfstæðistorgi en hafði fram að því verið ráðherra undir Janúkovitsj. Valdabaráttan í Úkraínu hefur sitt að segja um ástandið, ekki síður en áhrif Rússa.

Óánægjan stafar ekki síst af slæmu efnahagsástandi. Í Kíev og þar í kring eru húsnæðislán til dæmis að sliga marga, lán sem voru tekin í erlendri mynt fyrir kreppu. Óstöðugleikinn hefur gert illt verra og jafnvel þó að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi samþykkt lán til ríkisins mun það hafa niðurskurð í för með sér, sem er ekki líklegur til vinsælda.

## ÍTAREFNI

**Ukrainian extremists will only triumph if Russia invades**

Eftir Timothy Snyder í New Statesman

**Kremlar-klönin**

Eftir Þórunni Elísabetu Bogadóttur í Kjarnanum

**Ukraine crisis: Russian officials targeted by sanctions**

Um refsiaðgerðir Bandaríkjanna og Evrópusambandsins á vef BBC

Smelltu á fyrirsagnirnar til að lesa ítarefnið

kjarninn 1. maí 2014

# Erfiðir tímar fram undan

## Framboðin í Reykjavík hafa öll sett húsnæðismálin á oddinn



Húsnæðismálin í Reykjavík eru mikið hitamál um þessar mundir. Leiguverð hefur hækkað mikið undanfarin misseri, en tæplega fjórðungur heimila á Íslandi er nú í leiguhúsnæði. Fasteignaverð hefur hækkað mikið, sérstaklega undanfarna mánuði. Hvernig getur fólk sem er að koma út á markað komið þaki yfir höfuðið? Þessi spurning brennur á tugþúsundum kjósenda í aðdraganda sveitarstjórnarkosninganna sem fara fram 31. maí næstkomandi.


Smelltu hér til að hlusta á þáttinn



Kjarnaofninn er liður í kosningaumfjöllun Kjarnans þar sem helstu kosningamál framboðanna eru rædd. Þættirnir birtast hér í Kjarnanum og í hlaðvarpsstraumi Kjarnans.

## Fylgi framboða til borgarstjórnar í Reykjavík

Samkvæmt nýjustu kosningaspá, gerðri 14. apríl 2014




**REYKJAVÍK** Lokaspretturinn í borgarstjórnarkosningunum fram undan

# Engar kannanir gerðar síðustu tvær vikur

Kosningaspá Kjarnans og Baldurs Héðinssonar, doktors í stærðfræði, hefur ekkert breyst frá því fyrir páska, enda hafa engar nýjar skoðanakannanir verið framkvæmdar síðan þá. Viðbúið er að niðurstöður úr nokkrum slíkum muni detta í hús á næstunni og að styttra líði milli kannana eftir því sem nær dregur kosningadeginum 31. maí.

Framboðin eru líka hvert af öðru farin að kynna áherslur sínar og helstu stefnumál. Búist er við því að Björt framtíð opinberi stefnu sína í dag, 1. maí, og Framsóknarflokkurinn kynnti loks oddvita síðastliðið þriðjudagskvöld. Þá kom einnig í ljós að Framsóknarflokkurinn ætlar að bjóða fram í sameiningu við þá sem setja veru flugvallar í Vatnsmýri á oddinn og með því opinberast helsta stefnumál framboðsins í kosningunum sem fram undan eru. Áhugavert verður að sjá hvort vandræðagangur flokksins muni hífa fylgi hans enn meira niður eða hvort hörð afstaða í flugvallarmálinu rífi fylgið upp úr þeim djúpa öldudal sem það hefur mælst í fram til þessa. **ÞSJ**


### Aðferðin

#### Forsendur spárinnar

Kosningaspa.is sameinar niðurstöður skoðanakannana við útreikning á fylgi flokka. Hverri könnun er gefið vægi sem ákvarðast af þremur þáttum: Hvar og hvenær könnunin er framkvæmd og hversu margir taka þátt. Því er spáin vegið meðaltal af könnunum. Nánar

# Þróun á fylgi flokka og fjölda borgarfulltrúa á flokk í Reykjavík

Kosningaspá keyrð á tímabilinu 26. febrúar til 14. apríl 2014




Þróun á fjölda fulltrúa


| 26. febrúar 2014 | 14. mars 2014 | 24. mars 2014 | 26. mars 2014 | 14. apríl 2014 |
|---|---|---|---|---|
| 4 | 4 ⇨ 5 | 5 ⇨ 4 | 4 ⇨ 4 | 4 ⇨ 4 |
| 0 | 0 ⇨ 0 | 0 ⇨ 0 | 0 ⇨ 0 | 0 ⇨ 0 |
| 5 | 5 ⇨ 4 | 4 ⇨ 4 | 4 ⇨ 4 | 4 ⇨ 4 |
| 3 | 3 ⇨ 4 | 4 ⇨ 4 | 4 ⇨ 4 | 4 ⇨ 5 |
| 0 | 0 ⇨ 0 | 0 ⇨ 0 | 0 ⇨ 0 | 0 ⇨ 0 |
| 1 | 1 ⇨ 1 | 1 ⇨ 1 | 1 ⇨ 1 | 1 ⇨ 1 |
| 2 | 2 ⇨ 1 | 1 ⇨ 2 | 2 ⇨ 2 | 2 ⇨ 1 |

## Röðun fulltrúa samkvæmt nýjustu spá

Fimmtán fulltrúar eru kjörnir í borgarstjórn

Björt framtíð · Framsóknarflokkur · Sjálfstæðisflokkur · Samfylkingin · Dögun · Vinstri græn · Pírataflokkurinn

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | S1 | 6 | D2 | 11 | V1 | *16* | *A5* |
| 2 | A1 | 7 | Þ1 | 12 | S4 | *17* | *Þ2* |
| 3 | D1 | 8 | S3 | 13 | A4 | *18* | *D5* |
| 4 | S2 | 9 | A3 | 14 | D4 | *19* | *S6* |
| 5 | A2 | 10 | D3 | 15 | S5 | *20* | *A6* |




## Vikmörk í nýjustu spá

| | |
|---|---|
| A 2,9% | T 1,0% |
| B 1,1% | V 1,7% |
| D 2,8% | Þ 2,0% |
| S 2,9% | |

## Kannanir í nýjustu spá

Gerðri 14. apríl 2014

- Stöð 2 og Fréttablaðið 12. mars 2014
- Félagsvísindastofnun 17. til 23. mars 2014
- Þjóðarpúls Capacent 19. mars til 10. apríl 2014


# Fókus, fókus og fókus

Framkvæmdastjóri TM Software segir skýran fókus vera styrk fyrirtækisins.




TM Software er rótgróið fyrirtæki sem hefur vaxið gríðarlega hratt á síðustu árum. Vendipunkturinn í rekstri fyrirtækisins til góðs var hrun íslenska fjármálakerfisins, hvorki meira né minna. Þá stóðu starfsmenn frammi fyrir miklum erfiðleikum en ákváðu að treysta á eigið ágæti og fara að þróa og selja eigin hugbúnað. Þetta hefur skilað miklum árangri og er félagið nú í örum vexti á alþjóðamörkuðum.

Kjarninn, Keldan og Arion banki hafa tekið höndum saman um að fjalla ítarlega um verkefnið Startup Reykjavík, frumkvöðla og íslensk nýsköpunarfyrirtæki.



SJÖ SPURNINGAR

# Þórður Helgi Þórðarson

dagskrárgerðarmaður

### Hvað á að gera um helgina?

Með hækkandi hita á landinu fjölgar leikjunum sem hægt er að fara í með börnunum, þannig að ég geri ráð fyrir rólegri helgi í Breiðholtinu þar sem tíminn verður notaður í leiki með þeim.

### Hvaða hljómplata er í uppáhaldi þessa dagana?

Hef hlustað á nýju Elbow- og Beck-plöturnar og þær eru prýðilegar. Svo er ég mjög skotinn í nýja bandinu hans Chino Moreno úr Deftones sem heitir Crosses. Mæli með nýrri samnefndri plötu með því. Annars dett ég oftast í David Sylvian-plötuna Gone to Earth, en ég er smám saman að átta mig á því að það er bara besta plata í heimi.

### Hvernig leggst sumarið í þig?

Sumarið leggst gífurlega vel í mig. Nú þegar eru komnir fleiri góðir dagar en í fyrra, en það er ekkert sérstakt planað hjá mér í sumar.

### Hvaða lið verður enskur meistari í fótbolta?

Ég ræði ekki enskan fótbolta. Næsta spurning!

### Hverjir verða heimsmeistarar í fótbolta?

Af gömlum vana segir maður Brasilíumenn þrátt fyrir að hafa séð lítið til þeirra en þeir eru bara alltaf bestir og verða auk þess núna á heimavelli. Svo eru Þjóðverjar með frábært lið og spila meira að segja fínan fótbolta, sem þeir voru á móti hér áður fyrr. En að sjálfsögðu segi ég Ítalía. Ég hef haldið með Ítölum síðan 1978 og það var gaman að sjá þá vinna 1982. Það hefur verið erfitt að halda með Ítalíu öll þessi ár, enda spilar liðið hundleiðinlegan bolta, en þú skiptir ekki um lið. Auk þess er Ítalía eina liðið sem bauð upp á Baggio.

### Hvaða lið verða Íslandsmeistarar í fótbolta?

Ég held að kvennalið Stjörnunnar sé besta liðið og muni vinna kvennadeildina. Ég ætlast svo að gerast svo kræfur að spá Blikum titlinum í ár karlamegin (eins og ég hef gert síðustu tvö ár), þar sem ungviðið springur út með látum í sumar.

### Hvernig myndir þú eyða 100 milljóna króna lottóvinningi?

Ég myndi detta hressilega í það, svo man ég ekki meir...

AF NETINU

# Samfélagið segir

um ummæli Ólafs Ólafssonar körfuboltamanns um fermingarstelpur á túr


## Facebook



**HELGI SELJAN**

Var ekki nóg fyrir þennan gæja að fá gefins banka meðan að hann var landlæknir?


mánudagur 28. apríl 2014



**SIGRÚN JÓNSDÓTTIR**

Hélt með Grindavík fram að þessum ummælum, hvað er eiginlega í gangi!!!

mánudagur 28. apríl 2014



**OLOF EMBLA EYJOLFSDOTTIR**

Eiga ekki íþróttamenn að heita fyrirmyndir? Fyrir hvern... upprennandi karlrembur?

mánudagur 28. apríl 2014

## Twitter



**ÞORSTEINN FINNBOGASO** @goltti

Virkir í Athugasemdum ættu að þakka Grindavík fyrir þessa veislu sem þeir hafa verið í undanfarnar vikur..#Grindavíkbeztíheimi

þriðjudagur 29. apríl 2014



**ERLA ÓSK ÁSGEIRSDÓTT** @erla_osk

Ósmekklegasta fyrirsögn ársins fer til @visir_is "Við erum eins og litlar fermingarstelpur á túr"

mánudagur 28. apríl 2014



**STEFÁN HJÁLMTÝR** @Stefanhjalmtyr

Stay classy #Grindavík #krummaskuð

þriðjudagur 29. apríl 2014

## BAKHERBERGIÐ

### Byrjað að endurskoða Seðlabanka Íslands

Þriggja manna nefnd hefur verið skipuð til að endurskoða lög um Seðlabanka Íslands. Formaður hennar er Ólöf Nordal, fyrrum varaformaður Sjálfstæðisflokksins og formaður bankaráðs Seðlabankans. Aðrir sem sitja í nefndinni eru hagfræðingarnir Þráinn Eggertsson og Friðrik Már Baldursson. Í bakherbergjunum er sagt að nefndin hafi þegar hist einu sinni. Endurskoðun á lögunum er síður en svo óumdeild aðgerð. Margir telja að tilgangur vinnunnar sé að losna við Má Guðmundsson úr stóli Seðlabankastjóra og koma pólitískt skipuðum aðilum í hann.

### Titringur vegna skuldaniðurfellinga

Ótrúleg staða er nú komin upp á þinginu þar sem vel á annað hundrað þingmál bíða þess að verða afgreidd á síðustu dögum þingsins. Þar á meðal er það ESB-málið, skuldaniðurfellingaráform og breytingar á lögum um veiðigjöld í sjávarútvegi. Útilokað er að þessi mál verði rædd ítarlega sökum tímaskorts. Nú heyrist hávær orðrómur um að mikill titringur sé innan stjórnarflokkanna, einkum Sjálfstæðisflokks, vegna skuldaniðurfellingaráforma. Hagtölurnar benda til þess að aðgerðirnar séu tóm della og Pétur H. Blöndal og fleiri sætta sig einfaldlega ekki við þetta.












Smelltu á myndirnar til að sjá þær stærri og lesa um augnablikin



**SPES** Þyngsta kona heims í megrun svo hún komist í kirkju til að giftast elskhuganum

# Þarf að missa 127 kíló fyrst fyrir hjáveituaðgerð

Hin 38 ára gamla Charity Pierce er þyngsta kona í heimi, en hún vegur tæp 356 kíló. Charity er nú komin í megrun, en hún er harðákveðin í því að ganga að altarinu til að eiga unnusta sinn, hinn tággranna 22 ára gamla Tony Saur.

Til þess að af giftingunni geti orðið þarf Charity, sem hefur ekki farið út úr húsi síðan árið 2001 sökum stærðar sinnar, að missa 127 kíló svo hún komist í hjáveituaðgerð. Læknar hafa ítrekað varað Charity við því að hún verði ekki langlíf nema hún léttist töluvert.

Tony hefur aðstoðað Charity við að fækka hitaeiningum úr 10.000 niður í 1.500 á dag. Fyrir megrunina borðaði hún morgunkorn, tvær pítsur, tvær stórar samlokur, fimm kleinuhringi, tvo diska af lasagna, Kit-Kat súkkulaðistykki, stóra skál af poppi og sætindi á degi hverjum.

Í viðtali við bandaríska fjölmiðla sagði Tony: „Ég hef aldrei sett þyngd Charity fyrir mig. Ég veit að hún verður falleg brúður. Ég hef áhyggjur af því að hún deyi, en ég ætla að hjálpa henni að léttast.“

**Ása Lind Finnbogadóttir**
Framhaldsskólakennari og skipar annað sætið hjá Dögun í Reykjavík

kjarninn 1. maí 2014

# Trúarbrögðin „þétting byggðar“

**Ása Lind Finnbogadóttir skrifar um hvernig hún er hlynnt þéttingu byggðar en vill ekki ganga á rétt íbúanna.**

Mikið hefur verið rætt um þéttingu byggðar að undanförnu og virðast ansi skiptar skoðanir á því hvað það felur í sér. Ég er persónulega hlynnt þéttingu byggðar í þeirri merkingu að dreifa ekki byggðinni út um allt. Ég er líka mjög umhverfissinnuð og fylgjandi markmiði um að draga úr notkun á einkabílnum og auka almenningssamgöngur og hjólreiðar í borginni.



Mér finnst samt mikilvægt að þegar þétta á byggð sé ekki gengið á rétt íbúanna sem fyrir búa á svæðinu; þar þarf sérstaklega að passa upp á hæð húsa og að nýbyggingar falli inn í hverfið sem fyrir er. Hins vegar finnst mér ekki nauðsynlegt að þéttingin þurfi öll að gerast í miðbænum; nýta má betur önnur hverfi og klára þau sem byrjað hefur verið á eins og hverfið við Úlfársdal og gera þar fallega blandaða byggð.

Ég er hins vegar líka hlynnt því að halda flugvellinum í Vatnsmýrinni eins og málin standa nú. Fyrir því eru margar

ástæður en sú helsta sem talar mest til réttlætiskenndar minnar er sú staðreynd að hvert sem hann verður fluttur (já, líka til Keflavíkur) mun það alltaf kosta tugi milljarða, eða sem nemur eins og einu hátæknisjúkrahúsi. Ég vil persónulega að þjóðin nýti þessa peninga í annað og þá helst velferðar- og menntamál. Þetta er ekki prinsippmál fyrir mér heldur skoðun sem ég er nýbúin að mynda mér vegna ákveðinna röksemda í málinu. Ef okkur hlotnast mikill peningur og verðum búin að sinna öllum þeim velferðarmálum sem nauðsynlegt er að sinna má alveg færa flugvöllinn fyrir mér, endilega bara.

„Ég er hins vegar líka hlynnt því að halda flugvellinum í Vatnsmýrinni eins og málin standa nú.“

Hins vegar hef ég fundið fyrir ansi magnaðri andúð og ómálefnalegum úthrópunum vegna þessarar skoðunar minnar. Til dæmis er sagt að ég sé „bara eins og Guðni Ágústsson“ eða að ég sé að stuðla að aukinni mengun með notkun einkabílsins og að ég sé að taka undir málflutning sjálfstæðismanna. Það finnst mér ofsalega ómálefnlegt, sérstaklega þegar það er gert án þess að spyrjast fyrir um rök sem ég hef fyrir skoðun minni. Mér finnst það líka svo sorglegt og bera vott um flokkadrætti sem einkenna íslenska pólitík. Maður er settur í lið og manni gerðar upp skoðanir á ýmsum málum sem tilheyra „hinu liðinu“. Mér finnst þetta eins og einhver trúarbrögð þar sem maður velur eitt „lið“ og fylgir öllum þeim kennisetningum sem tilheyra því. Ég nenni ekki að taka þátt í því.

Ég vil tala fyrir ákveðnum málefnum sem eru mér mikilvæg; réttlæti og lýðræði eru þar kjarnahugtök, einnig mannúð og almannahagsmunir. Ég er líka umhverfisverndarsinni í hjarta mínu, þar sem ég er meðvituð um þá staðreynd að án jarðarinnar gerum við ekki neitt, bara alls ekki neitt. Þetta er líka ástæðan fyrir því að ég valdi Dögun sem flokk til vinna fyrir, því hann tekur ekki stöðu með neinu liði heldur málefnum eingöngu sem stuðla að réttlæti fyrir almenning. Hann skilgreinir sig hvorki til hægri né vinstri. Dögun er fjölmenningarlegur flokkur sem virðir öll trúarbrögð, ekki bara einhver ein sem kallast „þétting byggðar“.

# Styðjum íslenska verslun

Sindri Snær Jensson vill að fólk eyði peningunum sínum á Íslandi

Fyrir ekki svo löngu gekk ég til liðs við Knattspyrnufélag Reykjavíkur og mun leika með því í Pepsi-deildinni í sumar. Tíðkast hefur hjá félögum í efstu deild að halda á vordögum í æfingaferð og hafa Spánn eða Portúgal verið vinsælir áfangastaðir. Tilgangur þessara ferða er tvíþættur; annars vegar er æft við bestu mögulegu aðstæður á grasvöllum og hins vegar er vikan notuð í að þjappa mannskapnum saman og ná upp góðum liðsanda fyrir átök sumarsins. Við KR-ingar fórum í ár á svæði sem heitir Campoamor nálægt Alicante á Spáni og heppnaðist ferðin mjög vel í alla staði.



Ég hef farið í ansi margar svona ferðir og vissi því fyrir fram að farið yrði í verslunarleiðangur allavega einu sinni og þá fengi ég hlutverk álitsgjafa. Ég sagði þó við liðsfélaga mína fyrir fram að ekki væri víst að þeir hefðu endilega áhuga á að heyra mitt álit. Ástæða þess er í fyrsta lagi sú að

mér finnst að fólk eigi að reyna eftir fremsta megni að eyða peningum sínum á Íslandi. Annað sem ég hef sterkar skoðanir á er mjög ódýr fjöldaframleidd föt sem seld eru í stórum verslanakeðjum – fötunum er hrúgað þar inn og þjónustan er lítil sem engin. Ég vildi heldur að strákarnir legðu metnað í að finna sér góðar og vandaðar flíkur sem seldar eru á Íslandi og um leið eiga góða upplifun við kaupin.

Þessa skoðun mína viðra ég við hvern sem vill heyra hana og fyrrverandi liðsfélagar mínir í Val og Þrótti fengu líka að heyra tuðið í mér þegar þeir keyptu sér hrúgurnar af fatnaði á Spáni. Það má ekki gleyma því að margt smátt gerir eitt stórt og þessi innkaupastefna er ekkert endilega ódýrari til lengri tíma litið. Þegar ég ráðlegg fólki í fatakaupum legg ég mikla áherslu á gæði og notkunarmöguleika. Í þessum tiltekna verslunarleiðangri heyrði ég nokkrar mjög athyglisverðar línur frá strákunum:

„Æ, það er ekki til Large svo ég kaupi bara Medium. Hvort sem er svo ódýrt, skiptir ekki máli.“

„Ég mun örugglega aldrei nota þetta aftur en skiptir ekki máli, kostar svo lítið.“

„Ég kaupi bara marga svona boli, hlaupa alltaf í þvotti og verða of litlir.“

„Mér finnst að fólk eigi að reyna eftir fremsta megni að eyða peningum sínum á Íslandi. “

Ég tek það fram að þetta er alls ekki bundið við KR-inga og hef ég heyrt svipaðar setningar frá liðsfélögum mínum í öðrum félögum þar sem ég hef leikið. Auðvitað er gaman að versla erlendis og ég er ekki að biðja fólk um að sleppa því alfarið. Mín skoðun er þó sú að margir af liðsfélögum mínum væru ánægðari í dag ef þeir hefðu keypt sér eina fallega vandaða flík í verslun á Íslandi stað þriggja í ódýru verslununum á Spáni. Þá hefðu þeir einnig styrkt íslenskan efnahag og um það snýst þetta allt að mínu mati. Ég versla við þig og þú verslar við mig, ekki við risakeðjuverslun á Spáni. Styrkjum íslenska kaupmenn og setjum traust okkar á þá. Rekstrarumhverfið á Íslandi er nægilega erfitt fyrir þó að við flykkjumst ekki öll til útlanda að versla.

Íslenskum verslunum hefur vaxið ásmegin undanfarin

ár og ég finn fyrir gífurlegri vitundarvakningu meðal fólks hvað varðar tísku og fatnað. Því legg ég til að við eyðum peningunum okkar hjá íslenskum kaupmönnum og treystum því að í staðinn verði boðið upp á betra vöruúrval og samkeppnishæfara verð við verslanir erlendis. Það er ekki stanslaust hægt að kvarta yfir úrvalinu og verðinu hér heima og ætlast til þess að það batni án þess að við stundum viðskipti við það fólk sem stendur í rekstri.

Það er líka svo gaman að rölta um og blanda geði við fólk sem maður hittir á förnum vegi. Það er gott að fá sér góðan kaffibolla í Reykjavík og kíkja í búðir, það er mjög oft spiluð góð tónlist í búðum og boðið upp á afbragðs þjónustu ef maður þarf á henni að halda. Það er eingöngu í gamaldags þenkjandi verslunum að starfsfólk er stanslaust að angra mann og reyna að selja manni einhverja vöru, slíkar verslanir má fólk gjarnan sniðganga mín vegna. Það að ganga inn í verslun til að skoða er alls ekki illa séð af starfsfólki og fullyrði ég að verslunareigendur og starfsfólk fagni allri þeirri umferð sem þau fá í verslun sína. Ekki hika við að kíkja inn í búð þó að þú hafir engar áætlanir um að fjárfesta í nokkrum sköpuðum hlut. Kannski kaupir þú eitthvað næst eða talar fallega um búðina við einhvern af vinum þínum og þá er strax kominn ávinningur fyrir verslunarfólk.

„Og í guðanna bænum getið þið hætt að versla við Ali Express, við erum betri en þetta Íslendingar.“

Látum sjá okkur í verslunum hér heima og styðjum íslenska kaupmenn. Það eru ekki allir að reyna að svindla á þér og þetta er ekki allt saman ein stór svikamylla þó að sumt fólk virðist halda það.

Og í guðanna bænum getið þið hætt að versla við Ali Express, við erum betri en þetta Íslendingar.

Íslenskt, já takk.



PISTILL
**Hafsteinn Hauksson**
hagfræðingur

# Að hugsa eins og vogunarsjóður

**Hafsteinn Hauksson veltir fyrir sér vogunarsjóðum og aðferðum þeirra til þess að ávaxta fé sitt.**

Gnóttstaða í bandaríkjadollara; skortstaða í þýsku marki, frönskum franka og ítalskri líru.

Þannig hljóðaði fyrsta fjárfesting fyrsta vogunarsjóðs veraldarsögunnar, sem hóf starfsemi í Bretlandi hinn 1. janúar árið 1920, en fjárfestingin merkti að sjóðurinn græddi ýmist þegar bandaríkjadollarinn styrktist eða síðarnefndu myntirnar veiktust gagnvart breska pundinu.

Þrátt fyrir að sjóðurinn hafi verið stofnaður fyrir hartnær öld síðan er, þegar nánar er að gáð, ótrúlegt hve svipaður hann var mörgum vogunarsjóðum nútímans. Sjóðurinn var ekki opinn almenningi, heldur voru fjárfestarnir fáir og sterkefnaðir og treystu vogunarsjóðsstjóranum vel. Hann nýtti sér lánsfé (þ.e. vogun – sem sjóðirnir sækja nafn sitt til á íslensku) til þess að fjárfesta fyrir stærri upphæðir og ná fram meiri ávöxtun en ella, og vílaði ekki fyrir sér að veðja á verðlækkun á fjármálamörkuðum frekar en verðhækkun.

Merkilegri var fjárfestingarstefnan sem slík, en með því að fjárfesta í þjóðargjaldmiðlum ríkja sitthvoru megin Atlantshafsins ætlaði sjóðsstjórinn sér að gera nokkuð sem enginn hafði áður reynt; að græða kerfisbundið á gengisbreytingum gjaldmiðla einum saman. Það þarf reyndar engan að undra að hugmyndin hafi þótt nýstárleg, enda hefðu álíka fjárfestingar verið óhugsandi áratug fyrr, þegar svo til allir gjaldmiðlar heims voru á gullfæti. Það þurfti heimsstyrjöldina fyrri til þess að riðla gullfótarskipulaginu og geta af sér flotgengi svo að fjárfestingar á borð við þessar yrðu mögulegar.

„Hvaða gera annars vogunarsjóðsstjórar og hvernig nálgast þeir hlutverk sitt? Það er spurning sem var löngum erfitt að svara nema þekkja hreinlega einn slíkan.“

**Sjóðsstjórinn Keynes!**

Merkilegast af öllu var þó hver sjóðsstjórinn sjálfur var; enginn annar en John Maynard Keynes, einn þekktasti hagfræðingur sögunnar, sem dvaldi í rúminu til hádegis á hverjum morgni, las fjármálatíðindi og hringdist á við miðlara á meðan hann drakk morgunteið sitt.

Það er ef til vill svolítið erfitt að ímynda sér Keynes, hæglátan fræðimann sem stundum er útmálaður merkisberi vinstrimennsku og ríkisafskipta, í hlutverki vogunarsjóðsstjóra, sem á móti eru oft útmálaðir botnsugur óheflaðs kapitalisma. Kannski er það til marks um að hvorugur merkimiðinn eigi fyllilega rétt á sér. Í öllu falli eru ævisagnaritarar Keynes á einu máli um að rekstur vogunarsjóðsins hafi haft góð áhrif á hann frekar en hitt; spákaupmennskan gerði hann að betri hagfræðingi, og hagfræðin gerði hann að betri spákaupmanni eins og Nicholas Davenport komst að orði.

En hvað var það sem Keynes lærði af því að stýra vogunarsjóði? Hvað gera annars vogunarsjóðsstjórar og hvernig nálgast þeir hlutverk sitt? Það er spurning sem var löngum erfitt að svara nema þekkja hreinlega einn slíkan, enda halda þeir spilunum yfirleitt þétt að sér og láta lítið fyrir sér fara.

Þess vegna var viðtalsbókin Inside the House of Money eftir Íslandsvininn Steven Drobny fengur fyrir áhugamenn um starfsemi vogunarsjóða þegar hún kom út árið 2006, en þar birtust samræður höfundarins við 13 heimsþekkta og farsæla sjóðsstjóra þar sem þeir opnuðu sig upp á gátt um fjárfestingar sínar. Titill bókarinnar er því réttnefni, enda býður hún lesandanum í heimsókn inn í hús sem fæstir fá að dveljast í um ævina.

## Ólík sýn

Við lestur bókarinnar kemur reyndar á óvart hve ósamstíga sjóðsstjórarnir eru um flesta yfirborðsfleti fjárfestinga. Einum fannst best að fjárfesta í hlutabréfum, öðrum í hrávöru og þeim þriðja í gjaldmiðlum. Einn fjárfesti nánast eingöngu í flóknum afleiðusamningum á borð við valrétti, á meðan annar stóð á því fastar en fótunum að valréttir væru fyrir aumingja. Einn tók aldrei ákvörðun um fjárfestingu nema heimsækja fyrst „fjárfestingarkostinn“, hvort sem hann var land eða fyrirtæki, á meðan annar vildi meina að slíkar heimsóknir væru bara til að rugla mann – það væru beinhörð gögn sem skiptu mestu máli.

Þegar bókinni vindur fram birtast hins vegar hægt og bítandi endurtekin tilbrigði við sama stef; ákveðin prinsipp sem nánast allir sjóðsstjórarnir þakka velgengni sína, þrátt fyrir að vera ósammála um framkvæmd fjárfestinga að öðru leyti. Og þegar betur er að gáð hafa þessi prinsipp þeirra í raun minnst með fjárfestingar að gera, og meira með heilbrigða skynsemi og lífssýn. Þessi prinsipp eru fólgin í því að…

…læra af mistökum sínum. Allir sjóðsstjórarnir, hver einn og einasti, eiga það sameiginlegt að hafa einhvern tímann tapað stórt. Enginn þeirra ræddi hins vegar um þessar misheppnuðu fjárfestingar eins og þeir skömmuðust sín fyrir þær eða sæu eftir þeim; mistökin eru dýrmætasta eign þeirra, þau skilgreina velgengni þeirra betur en fjárfestingarnar sem heppnuðust. Ástæðan er sú að allir hafa þeir dregið af þeim lærdóm, sem þeir telja ómögulegt að öðlast til fulls án

KJARNINN

# Hlaðvarp

Hlustaðu á Hlaðvarp Kjarnans þegar þú vilt, hvar sem þú ert.



Smelltu hér til að velja þér þætti úr Hlaðvarpi Kjarnans eða gerast áskrifandi.



NÆST Á DAGSKRÁ

## Hismið

Árni Helgason og Grétar Theodórsson ásamt gestum fara í loftið alla föstudaga

kjarninn

þess að brenna sig fyrst. Aðalatriðið er ekki að mistakast aldrei, heldur að gera ekki sömu mistökin tvisvar.

...taka upplýstar ákvarðanir. Sjóðsstjórarnir eru flestir víðsýnir og leita hugmynda að fjárfestingum víða. Sumir þeirra eyða miklum tíma í lestur, aðrir í ferðalög, og allir hlusta þeir með opnum hug á sjónarmið annarra. Þrátt fyrir það láta þeir ekki nægja að treysta orðrómum og skvaldri, heldur kanna öll gögn sem þeir koma höndum yfir til hlítar og fylgja öguðu ákvarðanatökuferli áður en þeir ráðast í meiriháttar fjárfestingar, þótt rannsóknaraðferðirnar kunni að vera jafnmisjafnar og þær eru margar.

...skipta um skoðun. Það hljómar kannski þversagnakennt, en sjóðsstjórarnir virðast flestir auðmjúkir gagnvart takmörkum þekkingar sinnar og getu, þrátt fyrir að hafa verulegt sjálfstraust. Þess vegna birtist sjálfstraustið ekki með þeim hætti að þeir séu alltaf sannfærðir um að hafa rétt fyrir sér, þrátt fyrir hið stífa ákvarðanatökuferli og rannsóknarvinnu, heldur þvert á móti í því að þeir óttast ekki að viðurkenna þegar þeir hafa rangt fyrir sér og skipta hratt um skoðun þegar nýjar upplýsingar birtast þeim. Þannig eru þeir fljótir að kúpla sig út úr misheppnuðum fjárfestingum og innleysa tap fljótt, í stað þess að halda fast við sinn keip og horfa á tapið vaxa. Þekkt tilvitnun í Keynes fjallar um einmitt þetta, en einhverju sinni bar andstæðingur upp á hann að skoðanir hans á hagstjórn sveifluðust eins og lauf í vindi. Keynes svaraði um hæl: „Þegar staðreyndir málsins breytast, þá endurskoða ég afstöðu mína. Hvað gerir þú, herra minn?“

„Merkilegast af öllu var þó hver sjóðsstjórinn sjálfur var; enginn annar en John Maynard Keynes.“

...búa sig undir það versta. Ef til vill kemur á óvart hversu meðvitaðir sjóðsstjórarnir eru um áhættu miðað við þá mynd sem stundum er dregin upp af vogunarsjóðum. Þeir reiða sig ekki einu sinni á hefðbundin áhættumatslíkön, því þeir telja að þau vanmeti áhættu. Í stað þeirra spyrja þeir sig stöðugt að því hvað geti farið úrskeiðis og gera ráð fyrir að allt fari á versta veg – allt – og skipuleggja í þaula hvernig þeir gætu

dregið úr högginu ef veruleg lækkun á mörkuðum skyldi raungerast. Með öðrum orðum eru þeir alltaf með plan B og C, eins og Reynir Grétarsson, forstjóri CreditInfo, lagði nýlega áherslu á í viðtali við Kjarnann. Þeir eru jafnframt nægilega agaðir til þess að fylgja varaplaninu eftir ef á þarf að halda, í stað þess að vona að allt lagist af sjálfu sér – að hlutirnir reddist.

...elska það sem þeir gera. Sjóðsstjórarnir hafa allir mismunandi hugmyndir um það hvað einkenni góðan fjárfesti – allt frá því að hann þurfi að vera flinkur í stærðfræði til þess að kunna góð skil á sagnfræði, að vera auðmjúkur, áhættumeðvitaður, að skilja sálfræði og ákvarðanatöku. Eitt sammælast þeir þó allir um; að fjárfestir sem hefur ekki áhuga á neinu öðru en peningum sé fljótur að brenna upp. Mikilvægastur er áhugi, fróðleiksfýsn og ástríða fyrir viðfangsefninu – annað skiptir minna máli.

Þótt sjóðsstjórarnir hafi sett þessi prinsipp sín í samhengi við fjárfestingar ætti að vera ljóst að þau eiga ekki einungis erindi við fjárfesta eða hagfræðinga, heldur hafa þau miklu víðari skírskotun, enda eiga þau sér samsvörun í starfsháttum fólks sem nýtur velgengni á ólíkum sviðum um víða veröld. Það þarf enginn að ganga í aðdáendaklúbb vogunarsjóða eftir lestur pistilsins en vonandi geta þó fleiri en bara Keynes grætt á því að tileinka sér það besta úr hugsunarhætti þeirra – í það minnsta endrum og eins.

# APPIÐ

**Hildur Sigurðardóttir**
eigandi Letterpress

„Ég á iPhone 4s“



## VIBER

Kemur sér vel þegar maður á vinkonur sem búa erlendis úti um allar trissur. Hringt á milli snjallsíma yfir netið, kostar ekki neitt. Notar samt bara venjulega símanúmerið þitt.

## COPY

Gagnageymsla í skýinu, virkar eins og Dropbox nema gefur þér miklu fleiri frí GB við skráningu og eins þegar einhver skráir sig í gegnum þig. Er líka öruggari þegar á að deila skjölum.

## CRAZY HELIUM BOOTH

Fáránlega fyndin vídeó þar sem myndin brenglast og röddin líka. Mæli með þessu. Ég er hætt að skrifa SMS. Sendi svona vídeó í staðinn. Þetta er málið.

## TÆKNI Ný marklínutækni verður notuð í fyrsta sinn á heimsmeistaramóti í sumar

Allir knattspyrnuáhugamenn kannast við að rífast um hvort bolti hafi raunverulega farið yfir marklínu eða ekki. Undanfarin misseri hefur tæknin haft þessi rifrildi af þeim sem horfa á leiki í ensku deildinni og víðar.

Og í sumar verður marklínutækni beitt í fyrsta sinn á heimsmeistaramóti í knattspyrnu, sem í þetta sinn fer fram í Brasilíu. Atvik eins og þetta heyra því líklega sögunni til.

Tilkynning um hvort vafabolti hafi farið yfir línu eða ekki mun berast í úr dómara leiksins innan sekúndu frá atvikinu.

Þýska fyrirtækið GoalControl GmbH framleiðir búnaðinn og setur hann upp.

Sjö myndavélar munu fylgjast með hverju marki og sjá til þess að enginn vafi verði á því hvort bolti hafi farið inn eða ekki.

Þeir sem fylgjast með myndavélunum munu vera með 360 gráðu yfirsýn yfir marklínuna.




# Ferð á fjórum hjólum

**Bílar geta frelsað fólk frá tilbreytingarsnauðum átthögunum og ýtt fólki út í takmarkalaus ævintýri.**

BÍLAR
Gísli Sverrisson

Hversu margar góðar minningar átt þú þar sem bíll hefur komið við sögu? Manstu eftir tilfinningunni að upplifa magnaða staði í fyrsta sinn, á ferðalagi með pabba og mömmu? Manstu eftir björtum sumarkvöldum, varðeldi og gítarspili í tjaldútilegu með vinunum? Manstu fyrstu útileguna með kærustunni eða kærastanum? Manstu þegar þú sást börnin þín eignast sömu upplifun og þú með þínum foreldrum?

Flest eigum við svona minningar og í flestum tilvikum var það fjögurra hjóla fjölskylduvinur sem kom okkur á

leiðarenda, gerði upplifunina mögulega. Bílprófið frelsar okkur úr landfræðilegum höftum og rúmir 100.000 ferkílómetrar eru okkar til að njóta, þar sem við viljum, þegar við viljum.

Síðan gerist það gjarnan að við tjóðrum okkur smátt og smátt aftur við átthagana. Við þurfum að vinna, mála þakið, fara í fermingarveislu, setja í þurrkara, sjá Bó og Bubba í Hörpu og þar fram eftir götunum. Einstaka sinnum fáum við úthlutun hjá stéttarfélaginu og þá er brunað í bústaðarferð, en hún snýst öðru fremur um að troða í sig grillmat og leita að krananum fyrir pottinn. Ágætt, en tilbreytingarsnautt.

Ekki er öll von úti. Mörg dæmi eru um fólk sem lét þetta ekki henda sig, eða hafði kjark til að snúa þróuninni við og halda á vit ævintýranna.



Lestu viðtal við Gunther Holtorf

## Christine og Gunther Holtorf

Holtorf-hjónin þýsku voru rétt skriðin yfir fimmtugt þegar þau ákváðu að leggja land undir hjól. Þetta var árið 1989 og fyrir táknræna tilviljun féll Berlínarmúrinn um sömu mundir. Gunther var forstjóri þýsks flugfélags og gagntekinn af vinnu sinni.

Upphaflega áætluðu hjónin að ferðast lóðrétt suður um Afríku á 18 mánuðum, en dvöldu þar í fimm ár áður en yfir lauk.

Við tók ferðalag um jarðkringluna sem hefur nú staðið yfir í aldarfjórðung. Christine lést fyrir fjórum árum en Gunther lofaði henni að ljúka ferðalaginu, sem telur nú í kringum 200 lönd þótt sum séu ekki viðurkennd ríki. Síðast fréttist af honum um miðbik síðasta árs, en hann notar hvorki farsíma né internet og hefur lítinn áhuga á athyglinni sem hann fær.




**Í Norður-Kóreu**
Gunther og Christine óku á Mercedes-bílnum til Alþýðulýðveldisins á norðanverðum Kóreuskaga.

Fararskjótinn er 1988 árgerð Mercedes Benz G-Wagen og er að líkindum víðförlasta bifreið veraldar. Í bílnum gistir hann að öllu jöfnu, eða í hengirúmum þegar aðstæður eru til. Bílinn hefur Gunther notað frá upphafi og segir hann að lítið hafi verið um viðhald, eftir rúma 800.000 km. Hann hefur aldrei lent í ráni eða neinum óhöppum sem nöfnum tjáir að nefna.

Mercedes hyggst hýsa gripinn á safni þegar Gunther skilar sér heim til Þýskalands úr síðustu reisunni, en hann er nú hálfáttræður.



## Jim Rogers

Ævintýramaðurinn Jim Rogers er best þekktur sem fjárfestir og rithöfundur en hefur víða ferðast síðan hann komst í álnir, bæði á bílum og bifhjólum.

Fyrir hálfum öðrum áratug hóf hann hnattreisu á sérútbúinni Mercedes-bifreið, en glögga lesendur rámar kannski í að upphaf ferðarinnar var einmitt í Reykjavík.

Deila má um fegurð fararskjótans, en hann dugði til að ljúka ferðinni þremur árum síðar í New York, með 245.000km að baki.

## Huldar Breiðfjörð

Ekki líta svo á að þú þurfir að vera forstjóri eða auðkýfingur til að lenda í ævintýrum. Sjálfsagt eru þeir margir Íslendingarnir sem kannað hafa nýjar slóðir á fjórum jafnfljótum. Einn þeirra var bara venjulegur ungur maður, sem fór að leiðast að þræða barina um helgarnætur og keypti sér gamlan Volvo Laplander til að aka hringinn um Ísland. Þetta gerði hann einn um miðjan vetur.




**Volvo Laplander**
Saga Huldars Breiðfjörð um ferðir sínar á Laplander-bílnum er holl lesning fyrir alla.

Um reynslu sína skrifaði ferðalangurinn, Huldar Breiðfjörð, frábæra bók, sem er holl lesning fyrir alla, sérstaklega lattélepjandi miðbæjartrefla.


## Ekki hugsa of lengi

Þú hefur einhvern tímann fengið þessa flugu í höfuðið, er ég viss um. Ekki skipuleggja hugmyndina í svefn. Ekki bíða eftir betra tækifæri. Leggðu bara í hann. Þú þarft ekki að fara langt og þú þarft ekki að sjá eða gera allt í fyrstu umferð. En einn góðan veðurdag verður þú steindauð(ur) og þá er það of seint.

Góða ferð.

# BEINT Í MARK

Nú fara stjórnmálaflokkarnir að herja á kjósendur með kosningaáróðri í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga 31. maí. Rifjum upp gamlan kosningaáróður.



## UK Labour Party

### Verkamannaflokkurinn í Bretlandi 1997


Tony Blair leiddi flokkinn sinn undir New Labour-stefnunni til stórsigurs í kosningunum 1997. Herferðin, sem virkar nú frekar hallærisleg, miðaði inn á ungt fólk. Ljóst er að hún skilaði sínu.

## We are better than that

### Kosningar til landbúnaðarnefndar í Alabama 2010

Dale Peterson varð að internetundri með auglýsingum sínum fyrir þessar kosningar. Þar talaði hann hart, reið hesti og sveiflaði riffli. Þeir tilburðir dugðu ekki til. Peterson náði ekki kjöri.



## Growing together

### Stuðningur við stækkun ESB 2012


Evrópusambandið eyddi formúu í að gera þessa auglýsingu, sem var ætlað að ýta undir skilning á útþenslustefnu sambandsins. Draga þurfti auglýsinguna til baka vegna þess að hún þótti rasísk.

## Peace, little girl

### Kosningabarátta Johnsons í Bandaríkjunum 1964

„Það er of mikið undir," sögðu stuðningsmenn Lyndon B. Johnson í kosningabaráttu hans. Sterk tákn um framtíð og yfirvofandi styrjöld voru notuð til að sannfæra kjósendur. Johnson vann yfirburðasigur.






## JFK

### Kosningabarátta Kennedy í Bandaríkjunum 1960

John F. Kennedy þótti brjóta blað með þessari sjónvarpsauglýsingu sem hvatti kjósendur til að kjósa hann sem forseta með hressum myndskeiðum og grípandi stefi.







# Fótósjopp-framboðið

**Dóri DNA skrifar um undirhökur, fótósjopp, skoðanir gamals fólks á ESB og hvenær hann hækkar í græjunum.**

Ég ætla að biðja manninn sem fótósjoppaði Halldór Halldórsson á heilsíðu auglýsingu Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík um að vinsamlegast hætta því, eða að minnsta kosti fara ekki jafn miklum hamförum á forritinu næst þegar hann fær ljósmynd af manninum í hendurnar. Ég hef hitt Halldór Halldórsson í eigin persónu, hann er kraftmikill, myndarlegur og sjarmerandi maður. Að krukka í litarhafti hans, undirhöku og húð í tölvuforriti er því ekki bara óþarfi, það er dónaskapur. Dónaskapur við Halldór, dónaskapur við hans nánustu, en umfram allt dónaskapur við kjósendur.



## Ljúgum okkur inn á kjósendur

Á hvaða tímapunkti fór Sjálfstæðisflokkurinn að trúa því að allir frambjóðendur hans yrðu að líta út eins og Bjarni Benediktsson til þess að teljast frambærilegir? Þetta eru einhver ný sannindi því Davíð Oddsson leit út eins og Gilitrutt allan sinn stjórnmálaferil og þá farnaðist flokknum einna best.

Þetta er hluti af stærra vandamáli. Stærri villu sem tilheyrir þessum gömlu stjórnmálum. Þetta er „ljúgum okkur inn á kjósendur“-stefnan og hún er algjörlega óþolandi. Ef það er eithvað sem Jón Gnarr og Besti flokkurinn hefur kennt okkur þá er það að einlægnin er ofar öllu. Þeir sjálfstæðimenn í borgarmálum sem föttuðu það líka, þeim var bolað út.

„Á hvaða tímapunkti fór Sjálfstæðisflokkurinn að trúa því að allir frambjóðendur hans yrðu að líta út eins og Bjarni Benediktsson?“

Öll þessi kosningabarátta Sjálfstæðisflokksins er fótósjopp-rúnk frá A-Ö. Eins og þetta stórundarlega upphlaup í kringum ársskýrslu borgarinnar í vikunni, sem var eitthvert mesta #struggle sem ég hef séð.

Skilaboðin sem er verið að selja kjósendum eru einföld. Núverandi meirihluti er samansettur af trúðum og kommúnistum og þeir kunna ekki að fara með peninga. Einungis Sjálfstæðisflokkurinn kann að fara með peninga. Þetta er fyndið, í alvöru. Ekkert í Íslandssögunni neins staðar bendir á nokkurn hátt til þess að sjálfstæðismenn kunni að fara með peninga. Þó svo að þeir aðhyllist kapítalisma er þetta heldur glatað samansafn af kapítalistum. Eins konar áhugamannafélag, þar sem menn hafa svona yfirleitt ekki tekið þátt í neinum fyrirtækjarekstri á frjálsum markaði. En hafi þeir einhvern tíma gert það hafa þeir yfirleitt þurft að gera grein fyrir þeim afskiptum fyrir dómstólum á einhverjum tímapunkti.

## Svo rosalega mikið ströggl

Svo byrja einhver vatnsþynnt slagorð sem eru samin á litlum sellufundum. „Núverandi meirihluti hefur hækkað skuldir Reykjavíkurborgar um 15 milljónir á dag síðan hann tók við.“

Veistu, ef við værum í stríði, þá væri maðurinn sem reiknaði þetta út tekinn á bak við hús og aflífaður.

Er þetta virkilega umræða sem Sjálfstæðisflokkurinn vill fara í? 16 milljarða skuldaaukning, en þar af eru 12 milljarðar lán til Orkuveitunnar sem er alfarið á ykkar ábyrgð. Hvernig er hægt að fótósjoppa sig frá þessu?

Ég átti í einhvers konar umræðu um þetta á Twitter við tvo af frambjóðendum D-lista, þær Hildi Sverrisdóttur og Áslaugu Friðriksdóttur. Sjón er sögu ríkari.

**HILDUR SVERRISDÓTTIR** @hildursverris

Núverandi meirihluti hefur aukið skuldir borgarinnar um 15 milljónir á hverjum degi allt kjörtímabilið. Það er ein Hofsvallagata á dag. #xd

**HALLDÓR HALLDÓRSSON** @DNADORI

@hildursverris það er líka lýðskrumandi einföldun á málunum. #struggle

**HILDUR SVERRISDÓTTIR** @hildursverris

@DNADORI Það má vel vera. En það má líka alveg setja tölur í samhengi til að spyrna við landlægu fjármálaólæsi.

**ÁSLAUG FRIÐRIKSD** @aslaugf

@hildursverris @DNADORI Það getur verið sárt að skilja sannleikann!

Gróf einföldun á þessum samskiptum er svona:

**HILDUR**

Trúðar og kommúnistar eyða peningum ykkar í vitleysu.

**HALLDÓR**

Það er ekki rétt.

**HILDUR**

Ég veit það. En það eru hvort eð er allir svo heimskir.

**ÁSLAUG**

Fokkaðu þér feita svín!

Þetta er allt svo örvæntingarfullt. Þetta er svo rosalega

mikið ströggl. Þrír miðaldra karlar í efstu sætunum, bersýnileg óeining innan flokksins um stærstu stefnumál. Oddviti sem maður á rosalega bágt með að trúa að gráti og blæði fyrir hag Reykvíkinga. Fyrrverandi vonarstjarna flokksins fyllir samfélagsmiðla af leyndum áróðri gegn flokknum. (GMB – Kjósið þann sem elskar RVK.) Er virkilega einhver sem hugsar: „Já, já, þetta er ekkert sem kvikk fundur á auglýsingastofu, starfsdagur og fótósjopp lagar ekki.“ Flokkurinn hefur aldrei mælst jafn illa í skoðanakönnunum, eðlilega.

„Þó svo að þeir aðhyllist kapítalisma er þetta heldur glatað samansafn af kapítalistum. Eins konar áhugamannafélag.“

Mér finnst hann samt vera með óhugnanlega mikið fylgi miðað við hvað þetta er hrikalegt #struggle.

**Einn góðan veðurdag hækkum við í græjunum**

Mikið er ég samt feginn að Guðni Ágústsson fór ekki fram. Ekki af því þetta var Guðni; ég fíla Guðna. En Guðni er 65 ára gamall og 65 ára gamlir menn eiga ekki að ráða neinu nema því hvað þeir fá í kvöldmat.

Og síst af öllu eiga þeir að hafa skoðun á hlutum eins og ESB, flugvellinum og krónunni. Þetta bara kemur ekki gömlum körlum við.

Einn góðan veðurdag munu allir þessir gömlu valdasjúku kaldastríðskarlar hverfa ofan í rykið og þá getum við hækkað í græjunum og haft gaman.